

ADALMEDFERÐ Í BAUGSMÁLINU

INGIBJÖRG PÁLMA
SEXÍ Í STUTTU PILSI

395kr.
blöð í
þrjú einu

STEINI BACHELOR

VIÐ PÖSSUÐUM
BARA EKKERT SAMAN

Saga Steina
í Hér & nú

hér & nú

Fimmtudagur 23. febrúar 2006 - 8. tbl. - 2. árgangur - Verð: 395 krónur

ÁGÚSTA EVA SEM
LEIKUR SILVÍU NÓTT
OG FROSTI Í MÍNUS
ERU KÆRUSTUPAR



Kom, sa
og sigraði!

TARLEG NÆRMYND

hér & nú

Natur-
frost!

FEIMNA
SVEITASTELPAN
SEM BRAGÐAR
EKKI ÁFENGI

PAR ÁRSINS

HOMMI OG NAMMI ERU LÍKA MEÐ FRÆGUM



PEPPE OG SELMA BJÖRNS



SILVÍA NÓTT OG FROSTI



ROMARIO OG UNNUR ÖSP

ISSN 1670-598X



HÁLFVIRÐI



ALLAR VÖRUR Í BÚÐINI VERÐA Á HÁLFVIRÐI Í 10 DAGA
Útsalan hefst fimmtudaginn 16. febrúar.



MUSIK & MYNDIR
HAMRABORG 1
KÓPAVOGI
SÍMI: 555 - 7601

**Te ársins kemur frá Afríku
en er reyndar ekki te!**



Rooibos frá Afríku - þrjár tegundir

Í rauninni er Rooibos alls ekki te. Það býið til úr rauðum runna sem vex í Cedarberg-fjöllum í Suður-Afríku. Rooibos er lagað eins og venjulegt te. Djúp-rauður liturinn og mildur ilmur með krydduðum keimi gera tедыkkjuna að notalegri upplifun. Rooibos inniheldur ekki kaffín.

PICKWICK

hér & nú

3 blöð
í einu



9

STJÖRNUFRÉTTIR

7 Ingibjörg Pálmadóttir. Sexí í stuttu pílsi við aðalmeðferð Baugsmálsins.

9 Nylon-stelpurnar. Í stjörnufans í London.

10 Dj Sóley í skýjunum. Á von á barni í sumar.

11 Auðunn Blöndal. Falbauð unnustuna í sjónvarpsþætti.

12-13 Steini bachelor um sambandslífin við Jennýju.

14-15 Innlendir fréttamolar og leiðari.

16-17 Undankeppni Eurovision. Sjáid myndirnar frá úrslita-kvöldinu.

18-19 Sívía Nótt. Hélt sjóðheitt eftirpartí á Thorvaldsen. Sigga Beinteins var í stuði.

20 Hverjir eru Hommi og Nammi?

21 Par ársins. Ágústa Eva og Frosti í Mínus.

22-25 Feimin landsbyggðarstelpa sem leynir á sér. Nærmynd af Ágústu Evu sem leikur Sívíu Nótt.



12-13



22-25

LÍFSSTÍLL

27 Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson í körfubolta. Spilaði síðast þegar Kennedy var skotinn.

28-29 Stressuð í Smáralindinni. Allt um níu manna úrslitin í Idolinu.

30-31 Djammíð með Hér & nú. Flottar stelpur í fótboltatreyjum á undirfatasyningu Heiðars Austmann og Andrés Pétur hélt upp á afmælið á NASA.

32-33 Töff að vera kasjúl finn. Herra Ísland opnar fataskápin fyrir lesendur Hér & nú.

34-35 Fréttamaðurinn Svavar Halldórsson. Dæturnar þrjúnuðu trefla og máluðu mynd.

36-37 Hin hliðin á Sívíu Nótt. Plakat af Sívíu Nótt í öllu sínu veldi.

40-41 Brad Pitt. Hvað hefur Pittarinn skipt oft um hárgreiðslu?



28-29

ALVÖRU FÓLK

43 Teitur Porkels og kærastan gera heimildarmynd um borgarastríðið í Nepal.

44-47 Harmsaga Sonju Haraldsdóttur. Upplifði sprengju-árásir í seinni heimsstyrjöldinni.

48-49 Bræðurnir í Kjöttborg. Billinn er helsti óvinur smákaupmannsins.

50-51 Fjörugir fimmtudagar. Nemendur í Viðskiptaháskólanum á Bifröst gera fleira en að liggja yfir skólábókunum.

52-53 Sirry segir. Lítum ekki í aðra átt. Horfumst í augu við að barnaniðingar eru til á Íslandi eins og annars staðar.

54-56 Óli og Helgi Torfasynir Læra þjóðariþróttina muay thai í Tailandi.

58-59 Ellý og Lófinn. Sigurjón Brink á það til að halda aftur af sér.

60-61 Hjörtur Gíslason. Semur lög um ástina og jólasveininn.

62 10 hlutir sem þú vissir ekki um Freysa á X-inu. Langar að skrifa barnabók um Palla í Maus.

64 Taktu prófið: Hvað veist þú um Sívíu Nótt?

65 Skopmynd vikunnar.

66 Krossgáta vikunnar.

67 Hér & nú-stúlkan. Líney Inga Arnórsdóttir er tvítug og fílar Dillon og Ellefuna.



44-47



30-31



34-35



36-37



54-56

22. daga ævintýraferðir á ári Hundsins, 2006

til Kína með KÍNAKLÚBBT UNNAR

Vorferð: 18. maí – 8. júní

Farið verður til höfuðborgarinnar **BEIJING**, stórborgarinnar **SJHANGHAI**, fallegu borgarinnar **HANGZHOU**, gömlu porstulinsborgarinnar **JINGDEZHEN**, **NINGBO**, **SHANGXING**, **MOG-ANSHAN**, **NANXUN** og undurfögru eyjunnar **PUTUSHAN**, í austur-Kínahafi. Einnig verður siglt á **KEISARASKURÐINUM** og farið á **KÍNAMÚRINN** (við **Mutianyu**).

Haustferð: 7. – 28. september

Farið verður til **TÍBET** (**Lhasa**, **Gyantse**, **Shigatse**), **XIAN**, **CHENGDU**, **GUILIN**, **BEIJING** og á **KÍNAMÚRINN** (við **Ba-daling**). Allt það merkilegasta á þessum stöðum verður skoðað.

Heildarverð á ferð kr. 350 þús. Allt innifalið

Þ.e. skoðunarferðir, gisting í tvíbýli á lúxushótelum, (einb. + 60 þ.), fullt fæði, skattar/gjöld, staðarleiðsögumenn og fararstjórn Unnar Guðjónsdóttur, sem er sérfræðingur í skipulagningu ferða til Kína, en þangað fór hún með fyrsta hópinn 1992.

Kínakvöld Hópar og einstaklingar geta pantað „Kínakvöld“, á Njálsgötunni eða úti í bæ, með litskyggnumyndasýningu, sýningu á Tai-Chi, sýningu á kínverskum listmunum, tedrykkju o.fl.



Kínaklubbur Unnar, Njálsgötu 33, 101 R
símar: 551 2596 og 868 2726

Vefsíða: www.simnet.is/kinaklubbur

Netfang: kinaklubbur@simnet.is

Geymið auglýsinguna

Hér & nú fylgdist
með aðalmeðferð
Baugsmálsins

HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR



Með tiskuna á hreinu Ingibjörg með Samönthu Mumba, Dorrit Moussaieff og Karen Millen á Mosaic-tískusýningunni í Skautahöllinni fyrr á árinu.

STJÖRNU-
FRÉTTIR

INGIBJÖRG PÁLMA SEXÍ Í STUTTU PILSI

Sexí í stuttu pilsí

Ingibjörg fylgir manninum sínum í héraðsdóm í pilsinu góða.

Pegar aðalmeðferð Baugsmálsins hófst í vikunni í Héraðsdómi Reykjavíkur mættu skötuþjúin Jón Ásgeir Jóhannesson og Ingibjörg Pálmadóttir saman í dómhúsið. Þau voru glæsileg að vanda og vakti sérstaka athygli Hér & nú að Ingibjörg var einkar glæsileg og sexí í örstuttu svörtu pilsí og sokkabuxum í stíl. Yfir pilsíð var hún í svartri kápu og með svartan trefil í stíl.

Ingibjörg, sem er innanhússarkitekt að mennt og eigandi 101 Hótelis í miðbænum, þykir ein glæsilegasta kona landsins og eru hún og Lilja systir hennar góðar vinkonur tísku-drottningarinnar Svövu í 17 og alltaf flottar hvar sem þær koma.

Jón Ásgeir var í svörtum buxum,

svörtum bol og látlausum svörtum jakka og í mjög góðri litaharmoníu við Ingibjörgu.

Fyrir skemmstu voru skötuþjúin valin flottasta stjörnuþar landsins í úttekt sem gerð var í helgarblaði DV. Þar voru þau meðal annars kölluð „Rokk-paríð“ og „alltaf töff“.

Við aðalmeðferð málsins þaulspurði Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs, Jón H.B. Snorrason, saksóknara hjá embætti Ríkislög-reglustjóra. Hann fullyrði í vitna-stúkunni að enginn samningur hefði verið gerður við Jón Gerald Sullenberg um að hann yrði ekki kærður í Baugsmálinu fyrir hliðstæð brot þeirra Baugsmanna. Þeir eru ákærðir fyrir tollsvik og skjalafölsun við bilainnflutning frá Bandaríkjunum.

Latabæjar vítamín

meiri
krakkakraftur



**LATI
BÆR**

Nylon-stelpurnar senda Hér & nú póstkort frá London

Nylon-stelpurnar Voru flottar á Brit Awards-hátíðinni í London þar sem þær búa nú.

Hittu fullt af frægum!

KT Tunstall Nylon-stelpurnar hittu þessa stúlku á hátíðinni.

Joss Stone „Hápunkturinn fyrir Ólmu var samt þegar Joss Stone gekk framhjá og umboðsmaðurinn hennar kynnti mig fyrir henni! Það var æðislegt! Hún syngur bara eins og engill.“

HÖFUM ALDREI SÉÐ JAFN MARGA LJÓSMYNDARA

STJÖRNU-FRÉTTIR

Stelpurnar í Nylon eru fluttar til London þar sem þær halda tónleika í hverju plássi. Í síðustu viku skelltu þær sér á Brit Awards sem eru tónlistarverðlaun þeirra Breta. Sátu þær á fremsta bekk og sáu fullt af frægum. Stelpurnar sendu okkur póstkort beint frá London.

Í gærkvöldi 15. febrúar fórum við stelpurnar á British Music Awards! Fjörð þyrjaði um daginn þegar við vorum að hafa okkur til og uppgötvaðum að fötin sem við ætluðum í pössuðu ekki. Við þutum niður í Oasis og fengum fót á okkur allar á klukkutíma. Við drifum okkur svo að gera okkur tilbúnar og lögðum af stað kl. 17. Við fórum á mjög flottum Mercedes Van og vorum keyrðar að rauða dreglinum.

Einhver stjarna var að ganga inn og það var enginn á dreglinum akkúrat þegar við komum svo að allir ljósmyndararnir vildu taka mynd þótt þeir vissu ekki hverjar við værum. Við höfum ALDREI séð jafnmörg ljósmyndafloßs á svona stuttum tíma. Það er eiginlega ómögulegt að lýsa því hvernig þetta var þarna! Bara endalaugar myndir, hróp og köll! Um leið og við fórum inn komu svo Westlife, Simon Webbe, Kanye West, Paris Hilton o.fl. Furðulegt að sjá þetta fólk allt í einu augliti til auglitis. Við fórum svo á borðið okkar sem var á besta stað. Við sáum SVO marga þarna: Madonna, Kaiser Chiefs, Will Young, KT Tunstall ... Ég man ekki einu sinni öll nöfnin. Hápunkturinn fyrir Ólmu var samt þegar Joss Stone gekk framhjá og umboðsmaðurinn okkar kynnti mig fyrir henni!!! Það var æðislegt!! Hún syngur bara eins og engill. Svo komu náttúrulega rosalega margir fram. Prince var vægast sagt flottur! Allir stóðu upp fyrir honum. Einnig komu fram Coldplay, KT Tunstall, Kanye West, James Blunt, Gorillaz, Kelly Clarkson o.fl.

Við getum ekki sagt mikið meira um þetta!! Þetta var frábær upplifun.

Kærar kveðjur frá London, Alma, Klara, Steinunn og Emíliá.“

H&N-mynd John Marshall: 2006 jmenternational.com & Nordichphotos/Getty

Plötusnúðurinn Sóley Kristjánsdóttir í skýjunum



Plötusnúður Sóley segist ætla að minnka við sig spilamennskuna en koma sterk inn þegar reykingarnar verða bannaðar.

STJÖRNU-
FRÉTTIR

Sóley Kristjánsdóttir
Á von á sínu fyrsta barni í sumar.

Á VON Á BARNI Í SUMAR

Ég á að eiga í sumar, það verður seinnipartinn en er ekki alveg komið á hreint," segir Sóley Kristjánsdóttir greinilega mjög spennt. Sóley sem er hvað þekktust fyrir að vera Dj Sóley hefur átt sama kærastann í fjögur ár. „Hann vill ekkert láta vita

hver hann er, hann er mjög leyndardómsfullur," segir Sóley hlæjandi. Kærasti Sóleyjar heitir Freyr og er arkitekt, hann mun vera nokkrum árum eldri en Sóley sem verður 26 ára í júní.

Þetta verður fyrsta barn Sól-eyjar en hún er á fullu í sálfræði

við Háskóla Íslands. „Ég er að klára núna, þannig að það er vonandi að maður verði orðinn BA þegar barnið kemur," segir Sóley sem vinnur einnig hjá Ölgerðinni. „Þar er ég sölumaður veitinga- sviðs," segir Sóley ánægð með þennan virðulega titil. Sóley hefur

lengi verið einn heitasti plötusnúður landsins en segist ætla að minnka við sig núna þar sem spilamennskan fari ekki vel saman við barneignir. „Ég kannski tek upp þráðinn þegar það er búið að banna reykingarnar, þá kem ég sterk inn."

Auðunn Blöndal um kærustuna

Falbauð unnustuna

Auðunn Blöndal með Lilju Björk sinni í Las Vegas.

Fyndnir!



Alltaf að grínast Strákarnir, Pétur, Sveppi og Auddi eru algerir sprellarar.

Strákarnir eru alltaf sniðugir. Í þætti sínum á mánudaginn voru þeir með grín sem var eitthvað á þá leið að þá vantaði fimmtán þúsund krónur í snatri. Sprelligosarnir byrjuðu á því að hringja í DV og bjóða frétt undir fölsku nafni, sögðust hafa fengið vilyrði fyrir fimm þúsund krónum fyrir frétt. Síðan var hringt í Hér & nú og frétt af sjálfum Kónginum, Bubba Morthens, boðin fyrir annan fimmmara. Í skúbbinu sögðust þeir hafa séð Kónginn hrækja sænsku munntóbaki út um gluggann á bil sínum og töluðu um að hann hefði því greinilega verið á kolólöglegum efnum. Ritstjórn Hér & nú kannast ekki við umrætt samtal, ekki frekar en ritstjórn DV.

Kærastan í Hér & nú?

Auddi endaði svo á því að hringja í kærustuna sína og biðja hana að vera Hér & nú-stúlkan fyrir fimm þúsund krónur. Átti kærastan að hafa svarað því játandi og hrósuðu þeir grallarspóarnir happi yfir auðfengnum gróða fyrir að skúbbna og redda módeli.

Við á Hér & nú biðum spennt eftir samtali frá Lilju Björk, enda er stúlkan með þeim glæsilegri og mundi sóma sér vel á síðustu opnunni okkar.

Í ljósi þess að símtöl Strákanna við DV og Hér & nú voru uppspuni og því enginn raunverulegur peningur í þeirra vösum fyrir glensíð höfum við ákveðið að bjóða Lilju Björk fimmtán þúsund krónur fyrir myndatökuna, kjósi hún að láta verða af því að sitja fyrir.

Texti: Breki Logason

VILL VERA NÆSTA

HÉR & NÚ-STÚLKA



Alltaf Góðar

1190 kr.-
tilboð sótt

HOT WINGS
með chili jalapenos sósu eða gräðostasósu
10 bitar í skammtinum á 550 kr.

2l gos á 99 kr. með öllum pizzum

16" pizza með allt að 4 álegg

5 68 68 68

Valbraut **Mjódd**

Íslenski bachelorinn Steingrímur Randver Eyjólfsson um endalok

VIÐ PÖSSUÐUM BARA

**Saga Steina
í Hér & nú**



Gekki ekki upp
Steini, Jenný og dóttir
Jennýjar, Thelma Mar-
ína Árnadóttir.

*„Ég held að hann hafi
haldið að þetta yrði ein-
hvers konar vegur hans
að frægð og fjármunum.“*

Ástfangin Steini og Jenný voru
saman í tvo mánuði og virtust
mjög ástfangin til að byrja með.
Nú er sú ást slokkuð.

Þetta er bara svona. Hún segir þetta bara á sinn hátt og meinar ekkert illt með þessu,“ segir Steingrímur Randver Eyjólfsson um ummæli sem fyrrverandi kærasta hans, Jenný Ósk Jensdóttir, lét falla í Séð og heyrð í síðustu viku. Þar er ítarlegt viðtal við Jennýju þar sem hún segir frá Bachelor-sambandinu og endalokum þess.

„Ég er nú eiginlega bara hálf-tómur gagnvart þessu, við vorum saman í tvo mánuði og þetta var eitthvað sem gekk ekki upp. Þetta var bara venjulegt samband, fólk kynnist og fatar svo að það eigi ekki samleið,“ segir Steingrímur

sem alltaf er kallaður Steini og bætir við að þau hafi ákveðið þetta í sameiningu. „Þetta endaði ekkert í illu.“

Flutti aldrei til Reykjavíkur

Steini býr á Egilsstöðum og starfar þar sem smiður. „Það er allveg brjáláð að gera og ég er bara í alls konar inni- og útvinnu,“ segir Steini en fréttir af því að hann væri fluttur í bæinn eru ekki sannar. „Það var bara eitthvað í blöðunum, ég flutti aldrei í bæinn.“

Steini segir Jennýju mjög góða stelpu sem hann kunní vel við. „Ég held þetta hafi aðallega verið vegna þess að við pössuð-

um ekkert saman, eins og gerist í öðrum ástarsamböndum. Eins og þegar fólk hittist á djamminu og byrjar saman en áttar sig svo á því að þetta er ekki að ganga.“

Eðlilega ringlaður

Í fyrrnefndu viðtali við Jennýju í Séð og heyrð talar hún um að Steini hafi allt í einu farið að tala um að hann þyrfti að vera duglegri að sækja AA-fundi. „Ég þekki svo lítið til alkóhólisma að ég hélt að það væri vegna þess að hann langaði til að drekka en hann sagði það alls ekki snúast um það,“ segir Jenný við Séð og heyrð. Steini viðurkennir fúslega

að hann sé AA-maður. „Ég var ekki búinn að fara á fundi lengi og eðlilega var ég ringlaður eftir þetta ferli. Þetta kom asnalega út hjá henni en ég er ekkert fúll út í hana. Ég þekki hana það vel að ég veit að hún á ekkert auðvelt með að koma upplýsingum frá sér, þó ég sé ekki að meina neitt illt með því. En það er auðvelt að gabba upp úr henni hluti,“ segir Steini einlægur.

Steini segist ekki myndu velja aðra stelpu ef hann þyrfti að velja aftur. „Ég á hins vegar alveg eftir að gera þetta upp þannig að fólk viti hvernig þetta var í raun og veru. Það gerðist hellingur í þessum

sambandsins við Jennýju og uppgjörið við Skjá einn

EKKERT SAMAN

STJÖRNU-
FRÉTTIR



Magnús Ragnarsson
Segir óánægju Steina lík-
lega tengjast tekjutapi hans.



Marianna Friðjónsdóttir „Steini
horfir samt á peninga öðruvísi en
við hin því hann er vanur að hafa
mikla peninga á milli handanna.“



Franskur koss „Þetta var
bara venjulegt samband, fólk
kynnist og fættar svo bara að
það eigi ekki samleið.“

þáttum og kringum þetta sem er frásagnarvert,” segir Steini að lokum og vill bíða með að upplýsa þjóðina um hvernig Bachelorinn var í raun og veru.

Tengist tekjutapi

Magnús Ragnarsson, sjónvarpsstjóri á Skjá einum, var ánægður með Steina í Bachelornum og segir hann hafa staðið sig eins og hetju. „Við stóðum ekki að þessu heldur fengum framkvæmdaraðila sem var Saga film og var með allar skuldbindingar við Steingrím,” segir Magnús sem hitti Steina einu sinni á meðan þættirnir voru í gangi.

„Þetta snýr samt örugglega að hans eigin tekjutapi en það er okkur alveg óviðkomandi og tengist okkur á engan hátt. En það er skiljanlegt að hann tengi þetta við Skjá einn,” segir Magnús og bendir á Mariönnu Friðjónsdóttir sem hafði yfirumsjón með þættinum fyrir hönd Saga Film.

Leið til fjár og frama

Marianna segir ekkert í þáttunum sett á svið en fléttan verði vissulega til í þeim aðstæðum sem settar eru upp. „Steini bjó heima hjá mér að hluta til á meðan á upptökunum stóð, var eins og einn af minni fjölskyldu og við eigum mjög

fínt samband í dag,” segir Marianna en upplýsir að upptökuférlíð hafi breyst frá því sem lagt var upp með í byrjun.

„Fyrst átti að taka þetta upp í einni lotu. En við áttuðum okkur svo á að við búum á Íslandi sem er eins og ein blokk á Manhattan. Við þurftum því að dreifa upptökutím-
anum til þess að standa við okkar skuldbindingar gagnvart Skjá einum í sambandi við leyndarákvæðið sem er hluti af þessu konsepti,” segir Marianna en síðustu þættirnir voru teknir upp nokkrum dögum áður en þeir fóru í loftið. „Út af þessari breytingu greiddi Skjár einn honum peninga vegna þess að

biðtíminn varð svo mikill. Venjulegt fólk hefði verið alsælt með þau laun sem voru í boði. En Steini horfir samt á peninga öðruvísi en við hin því hann er vanur að hafa mikla peninga á milli handanna, hann er ekki á neinum leikskólakennaralaunum,” segir hún og hlær.

Marianna gerir sér ekki grein fyrir hvaða leyndarmál Steini talar um en segir þó í hreinskilni: „Ég held að hann hafi haldið að þetta yrði einhvers konar vegur hans að frægð og fjárumunum. Það er bara enginn sem verður milljónamæringur af því að vera í sjónvarpi og fólk sem er ekki í bransanum gerir sér oft ekki grein fyrir því.“

Útgáfufélag 365 – prentmiðlar.

Útgefandi Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvín Baldvinsson ábm.

Ritstjóri Breki Logason, breki@hognu.is. Ritstjórn Brynja Björk Garðarsdóttir, brynjab@hognu.is, Jón Mýrdal, myrdal@hognu.is.

Hér & nú Skaffahlíð 24, 105 Rvík, sími: 550 5000. Fax Auglýsingar:

515 7599 – Ritstjórn: 550 5075. Netfang Ritstjórn: ritstjorn@hognu.is –

Auglýsingar: auglysingar@hognu.is. Setning og umbrot 365 – prent-

miðlar. Prentvinnsla Ísafoldarprentsmíða. Dreifing Pósthúsið ehf.,

dreifing@posthusid.is. Hér & nú áskilur sér rétt til að birta aðsendar myndir í tímaritinu á stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds.

Margrét Elísa og Raoul Rodriguez



Barn á leiðinni

Margrét Elísa og Raoul eiga von á barni.

BARN Á LEIÐINNI

Ég er með svo mikla gæsa húð að ég held ég sé með fuglaflensu

Petta lét einhver snillingur út úr sér í beinni útsendingu um síðustu helgi. Þá fóru fram úrslitin í undankeppni Eurovision eins og ætti ekki að hafa farið framhjá neinum. Þvílík vika. Hún hefur gjörsamlega hneykslað íslensku þjóðina. Eldra fólkíð veltir fyrir sér hvers vegna við séum að senda blindfulla glimmerdrottningu með tyggjó til Aþenu. 70.000 Íslendingar eru ekki á sama máli. En það er bara til fullt af fólki sem fattar ekki djókið. En svörin við djókinu er að finna í Hér & nú. Í ítarlegri nærmynd af Ágústu Evu, sem leikur Silvíu Nótt, fáum við að vita hver hún er í raun og veru. Hversu mikil Öskubuskusaga Eurovision-ævintýrið er. Söguna um feimnu landsbyggðarstelpuna sem flutti í Hafnarfjörðinn og eignaðist fullt af vinum. Stelpuna sem söng inn á klósetti með vinkonum sínum því hún þorði ekki að sýna krökkunum sönghæfileikana. Söguna um stelpuna sem gekk með Silvíu Nótt í maganum og beið eftir að slá í gegn.

Hommi og Nammi eru karakterar sem ömmur þessa lands ná litlum tengslum við. Leikararnir Björn Thors og Rúnar Freyr láta þar gamlan draum rætast um að komast í Eurovision. Og leik- og eiginkonurnar, Unnur Ösp og Selma Björns, horfa á og glotta.

En nú er undankeppninni lokið. 70 milljóna króna ævintýri Ríkisútvarpsins með Bobbysocks og allan pakkann. Allir rosalega ánægðir og sam-mála um að svona keppni sé nauðsynleg. Reyndar stendur Skerjafjarðarskáldið eitt úti í horni og telur sér trú um að þetta sé hundleiðinlegt parti. Annar Eurovision-snillingur, Ásgrímur Sverrisson, segist hins vegar aðdándandi númer eitt og kallar þetta há-póstmóðerníska íroníu.

En hvort sem Silvíu Nótt er lélegt parti eða hápóstmóðernísk íronía getið þið séð allan sannleikann í Hér & nú. Hvort sem ykkur líkar betur eða verr.

Breki Logason



Fegurðardrottningin Margrét Elísa Harðardóttir á von á barni með kærastanum sínum Raoul Rodriguez. Margrét lenti í þriðja sæti í keppninni Ungfrú Ísland í fyrra ásamt því að vera valin Next-stúlkan og Oro-blu-stúlkan og vakti talsverða athygli. Raoul

rekur veitingastaðinn Mama's Tacos í Lækjargötunni og var einkaþjálfari Margrétar á tímabili. Í byrjun voru þau bara góðir vinir en byrjuðu síðar saman, þau eiga nú von á barni og eru víst alveg í skýjunum. Til ham-ingju með það!

H&N-mynd Teitur

Þórarinn Þórarinsson söng í Idol-keppni 365

MY WAY MEÐ SID VICIOUS

Idol-keppni starfsmanna 365 var haldin á Klúbbnum um síðustu helgi. Þar var mikil stemming og sigraði Hálfán Steinþórssón, betur þekktur sem Hálfán í Veggfóðri. Hann söng lagið Mustang Sally ásamt stelpunum úr deildinni sinni. Sigurður stormur fékk verðlaun fyrir bestu sviðsframkomuna en einn var það þó sem vakti mesta athygli. Var það Þórarinn Þórarinsson á Fréttablaðinu sem söng My Way í útgáfu Sid Vicious. Var ekkert til sparað og splæsti Þórarinn meðal annars í klósettsetu úr Húsasmíðjunni sem hann var með um hálsinn. Flott hjá Tóta.



Píanóleikarinn og sæti söngvarinn HÆFILEIKARÍKIR BRÆÐUR

Lífið, það er strengjadan, og brúðan það er ég," söng Davíð Olgeirsson eftirminnilega í Eurovision um síðustu helgi. Strákurinn var eini höfundurinn sem söng lagið sitt sjálfur og stóð sig bara nokkuð vel. Hann var stjarna fyrir nokkrum árum í menntaskóla en þá hann var í hinni stórfínu sveit Brooklyn five. Það sem ekki allir vita er að bróðir Davíðs er enginn annar en Karl Olgeirsson sem farið hefur á kostum í þáttum Hemma Gunn Það var lagið. Kalli er líka í Milljónamæringunum. Þeir bræður eru hörkufínir tónlistarmenn og væri gaman að sjá þá gera eitthvað saman.



HELGIN SEM LEIÐ Á DJAMMINU

Blaðamannaverðlaun og Pressuball fóru fram á Hótel Borg um síðustu helgi. Þangað voru nokkrar af helstu stjórnunum mættar. **Róbert Marshall** og **Brynhildur Ólafsdóttir** voru mætt og er Brynhildur komin með nokkuð veglega kúlu. **Andrés Magnússon** tók menn á eintal auk þess sem **Ásgeir Friðgeirsson** ræddi við mann og annan. **Þór Jónsson** og **Kompásliðið** voru með bros út að eyrum enda nýbúin að klára þáttinn sem sló í gegn á sunnudagskvöldið. **Gerður Kristný** lét líka sjá sig og **Simón Birgisson** tók sér frí frá hellulögnum og heilsaði upp á gamla kollega. Á Klúbbnum í Grafarvogi var **Ásgeir Kolbeinsson** að



taka púlsinn á karaókiþyrstum starfsmönnum 365 þar sem **Sigurður stormur** tók lagið. **Ingibergur**, kosningastjóri Ástþórs Magnússonar og

ófnæmisbakari, var í góðum gir á Kaffi Aroma í Hafnarfirði. Á Kaffibarnum gekk **Tómas Lemarquis** um með sviðahaus í poka og brosti. **Halli úr Fazmo** lét sjá sig á Hverfisbarnum þar sem **Ali Kahn** var flottur. **Beta rokk** mætti í eftirpartí Silvíu þar sem



fyrir voru **Birgitta Haukdal** og **Bensi** kærasti hennar. **Jónína**



Ben og **Jón Gerald Sullenberger** voru í fínu stuði á NASA, þar sem **Andrés Pétur Jónsson** hélt upp á afmælið sitt.



HRINGDU INN FRÉTT OG FÁPU PENING

550 50 70

15.000
kall!

Sástu einhvern frægan gera eitthvað fyndið? Veistu eitthvað sem enginn annar veit? Af hverju ekki að hringja í Hér & nú og fá smá pening fyrir fréttaskot? Fréttaskotssímssvarinn okkar er 550 50 70. Láttu í þér heyra og þú gætt átt fréttaskot vikunnar og fengið 15.000 krónur fyrir. Ef fréttin fer á forsiðu færðu 5.000 krónur og 3.000 ef fréttin þín ratar inn í blaðið. Láttu endilega í þér heyra.

FRÉTTASKOT hér&nú



Vantar þig bréfsefni, umslög, nafnspjöld eða kynningarbækling?

Öll almenn prentun og ljósritun á einum stað



OFFSETFJÖLRITUN
PRENTSMIÐJA
STAFRÆN LJÓSRITUN & PRENTUN

Mjöllnisholti 14 • 105 Reykjavík
Sími 562 7890 • Fax 562 789
offset@print.is • print.is





Ógeðslega flott, skiluru *Hin ómótstæðilega Silvía Nótt var glæsileg á sviðinu enda bar drottningin sigur úr býtum með 70 þúsund atkvæði.*

Mynd af Birgittu *Birgitta Haukdal flutti lagið Mynd af þér með miklum glæsibrag en það dugði henni þó ekki til sigurs.*



Spennigur *Díva allra landsmanna, Birgitta Haukdal, var sallaróleg baksviðs þar sem spennigurinn bar alla ofurlíði enda þrælvanur Eurovision-fari.*



Klassísk Rúna *Stefánsdóttir var stórglæsileg í rauðum satínkjól.*



Flottur kall *Magni Ásgeirsson heiðraði Sæma rokk með því að syngja um hann skemmtilegt lag.*

Hér & nú fylgdist með Eurovision eins og aðrir landsmenn

FLOTTASTA UNDANKEPPNI Í HEIMI

Undankeppni Eurovision var haldin í sérhönnuðu myndveri við Fiskislóð í risavaxinni skemmu. Það var ekki að sjá á keppninni sem var stórglæsileg í alla staði og aðstaðan öll til fyrirmyndar. Frábær stemning var á keppninni og ætlaði allt um koll að keyra þegar okkar ómótstæðilega Silvía Nótt fagnaði sigri.

Texti: Brynja Björk Garðarsdóttir
H&N-mynd Daniel



Flott par Póra og Edgar stóðu sig með þryði í undankeppninni.



Eins og konungborin Það geislaði af Reginu Ósk á sviðinu og minnti búningurinn hennar helst á klæðaburð konungborinna kvenna.



Ekkert bítl Sigurjón Brink stóð sig fantavel og var áberandi á sviðinu.



Frábær dansari og söngvari Bjartmar Þórðarson þótti sýna frábær tilþrif bæði í söng og sviðsframkomu og sérstaklega vakti athygli hve lipur Bjartmar var á gólfinu.



Heit Ardis Ólöf var heit á sviðinu í niðbröngum leðurbuxum.



Krúttleg Idolstjarnan Heiða Ólafsdóttir er alltaf jafn sæt á sviði og stóð sig vel.

STJÖRNUFRÉTTIR



Kraftmikill Flutningur Matthíasar Matthíassonar þótti kraftmikill og skemmtilegur.

Stuð *Silvía Nótt*
og *Sigga Beinteins*.

Obbosi *Sigga*
tók *Silvíu* í fangið.

Klikkuð
stemming,
skiluru!

Flottar *Pæir*
voru í rífangi
stemmingu.

Til hamingju Ísland!
Með að ég fæddist hér.

UPPI Á BORDI MEÐ

**STJÖRNU-
FRÉTTIR**

Á Kaffi Reykjavík var haldið mikið hóf eftir Eurovision-keppnina. Sigurvegari kvöldsins, með yfir 70.000 atkvæði, hélt hins vegar sitt eigið parti. Á Thorvaldsen dönsuðu gestir uppi á borðum, skáluðu og óskuðu íslensku þjóðinni til hamingju. *Silvía* fór á kostum í partínu eins og hvar sem hún kemur og lék á alls oddi. *Sigga Beinteins* tók þátt í öllu saman og var í miklu stuði uppi á borði. Þekkt andlit létu sig ekki vanta í partið og mátti meðal annars sjá *Loga Bergmann* og *Svanhildi* gleðjast með *Silvíu*. Hér & nú óskar *Silvíu Nótt* til hamingju með frábæran árangur og efast ekki um að hún eigi eftir að slá í gegn í *Áþenu*.

Texti: **Breki Logason** – H&N-mynd: **Ómar V.**

Vel vaxin *Silvía Nótt* er svo sannarlega flott og greinilega í hörkuformi.

Silvía Nótt fagnaði 70.000 atkvæðunum á Thorvaldsen



Romario Var hress í partíinu og beit Porvald Bjarna í skallann.



Í rifandi Sigga Beinteins var í rifandi stuði þetta kvöldið.

SIGGU BEINTEINS



Salsakóngurinn Sigurjón Brink gerði sig líklegan til að smella einum.



Fuck off! Romario gaf ljósmyndara puttann.



Mætt Logi Bergmann og Svanhildur Hólm voru að sjálfsgöngu mætt í eftirpartíð.

Þeir sem leika Eurovision-stjörnurnar eiga fræga maka

Fræg þör!

PEPPE OG SELMA BJÖRNS

ROMARIO OG UNNUR ÖSP

SILVÍA NÓTT OG FROSTI

RÚNAR FREYR FÆR LOKSINS AÐ VERA Á SVIÐINU

Þríeykið Peppe, Silvía Nótt og Romario verða á sviðinu í Aþenu.

STJÖRNU-
FRÉTTIR

Þríeykið okkar frábæra í Eurovision samanstendur af engum smástjörnum. Ágústa Eva sem leikur Silvíu Nótt er með gítarleikaranum Frosta í Mínus og eru þau sannkallað stjörnupar. Björn Thors sem leikur Romario kærasta Silvíu er líka með frægri leikkonu. Það

er Unnur Ösp Stefánsdóttir, dóttir Stefáns Baldurssonar fyrrverandi þjóðleikhússtjóra. Og svo má ekki gleyma honum Peppe sem leikinn er af Rúnari Frey Gíslasyni, eiginmanni Selmu Björnsdóttur Eurovision-stjörnu okkar Íslendinga. Rúnar Freyr hefur fylgt Selmu í þau tvö

skipti sem hún hefur farið út og verið í stuðningsliði Íslands. Rúnar mun vera mikill aðdáandi Eurovision eins og góðvinur hans Gísli Marteinn Baldursson sem hefur lýst keppninni beint. Nú hefur draumur Rúnars ræst og mun honum ekki leiðast að vera á sviðinu í Aþenu í sumar.

Ágústa Eva sem leikur
Silvíu Nótt og Frosti í
Mínus eru kærustupar

STJÖRNU-
FRÉTTIR

Fylgist með Frosti mætti í
eftirpartíð og fylgist með
kærustunni í gerfi Silvíu Nóttar.

Ræða saman Frosti
og Ágústa ræða saman
í eftirpartíinu.

Næturfrost!

GLADDIST MEÐ
KÆRUSTUNNI
EFTIR KEPPNINA

Ágústa Eva Erlendsdóttir, sem leikur Silvíu Nótt, er hæfileikarík stelpa. Hún hefur gjörsamlega slegið í gegn í þessum karakter og er nú komin með brasilíska ofursjarmörinn Romario upp á arminn. Hann er kærasti Silvíu Nóttar og hefur vakið mikla athygli, enda kjafför með eindæmum. En Ágústa Eva á kærasta sem er öllu þekktari hér á landi en Romario. Það er Frosti Logason gítarleikari rokksveitarinnar Mínuss. Ágústa og Frosti hafa haldið sambandi sínu leyndu en þau munu hafa verið saman í nokkurn tíma. Hér & nú hefur áður greint frá bioferðum parsins en Frosti hefur ekki viljað tala um sambandið. Hann var hins vegar mættur á lokakvöld Eurovision til að fylgjast með kærustunni. Sat úti í sal með bros á vör enda er Ágústa Eva ein sú flottasta í dag. Í eftirpartí Silvíu á Thorvaldsen var Frosti mættur með kærustunni, sem þó var í karakter allt kvöldið. Ágústa og Frosti eru flott par.

Texti: Breki Logason
H&N-mynd: Ómar V & Anton Brink

Nærmynd ALLT UM ÁGÚSTU EVU Á NÆSTU SÍÐUM >>>

Ágústa Eva Erlendsdóttir sem

FEIMIN LA

STJÖRNU-
FRÉTTIR

SEM B

Á bak við Silvíu Nótt, skærustu stjörnu landsins, býr lítillát og ljúf stúlka, fædd í Hveragerði og uppalin á Hvolsvelli. Þessi stúlka heitir Ágústa Eva Erlendsdóttir. Hún er ekki mikið fyrir sviðsljósið en sökum hæfileika hennar er nokkuð ljóst að hún á heima þar. Hún syngur eins og engill, teiknar eins og meistari, drekkur ekki áfengi og er, að sögn þeirra sem til þekkja, alger andstæða Silvíu Nóttar. En hver er hún?

Gullfalleg bak við grimuna Svona lítur Ágústa Eva Erlendsdóttir út þegar hún er ekki í gerfi Silvíu Nóttar.

Viðistaðaskóli Þar sem hin feimna Ágústa söng með vinkonum sínum á kvennaklósettinu.

Gamli kærastinn Leikarinn Snorri Engilbertsson sem flestir kannast við úr auglýsingu Landsbankans var kærasti Ágústu um tíma.

Í útskriftarferð í Þórsmörk Það fer ekki mikið fyrir Ágústu á þessari mynd enda hélt hún sig íðulega til baka í margmenni.

Ágústa Eva Erlendsdóttir fæddist í Hveragerði þann 28. júlí árið 1982. Hún bjó mestalla barnæsku sína hjá foreldrum sínum á Hvolsvelli, þeim Erlendi Finnþoga Magnússyni smið og Sigurðisi Sveinsdóttur kennara. Hún á þrjú eldri systkini, Svein, Maríu og Sunnu og yngri bróðurinn Finnþoga.

Ágústa byrjaði að syngja þegar hún fimm ára og hefur sungið síðan. Hún þótti mjög listrænt barn og segja þeir sem til þekkja að hún sé alger snillingur með blýantinn. Oft hefur hún glatt vini sína og vandamenn með heimatilbúnum tækifæriskortum sem hún dundar sér við að teikna af miklu listfengi.

leikur Silvíu Nótt í nærmynd *hér&nú*

ANDSBYGGÐARSTELPA

BRAGÐAR EKKI ÁFENGI



Rokkarinn í bekknum Egill
Rafnsson rokkari var einn af fyrstu félögum Ágústu þegar hún flutti úr sveitinni.



Útskriftarárgangurinn 1998
Ágústa með árgangi sínum fyrir utan Viðistaðaskóla í Hafnarfirði.

FRAMHALD Á NÆSTU OPNU

Þegar hún var tólf ára tók hún þátt í sinni fyrstu söngvakeppni og vann. Sú keppni fór fram á Selfossi og söng hún þar lagið Ég skal mála allan heiminn elsku mamma.

Söng á kvennaklósettinu

Ágústa flutti svo til Hafnarfjarðar með fjölskyldu sinni eftir fermingu og byrjaði haustið 1996 í 9. bekk í Viðistaðaskóla.

EKKI fór mikið fyrir henni í skólanum og þótti hún hlédræg og róleg, á yfirborðinu allavega. En þeir sem til hennar þekkja segja að fljótlega eftir að þeir kynntust henni hafi frjótt myndunaraf hennar byrjað að láta á sér kræla. Hún á til dæmis eitt

skiptið að hafa kíkt í heimsókn á Hrafnistu, dvalarheimili aldraðra í Hafnarfirði, í gerfi sænsks ferðamanns, spurt hvort hún mætti fá að pissa, skellt sér á kósettið og hlegið sig svo máttlausa yfir uppátækinu.

Ágústa Eva þótti fyrirmyndar-nemandi og hvers manns hugljúfi. Hún söng mikið í skólanum en sökum feiminnar fór sá söngur oft fram á kvennaklósettinu í skólanum þar sem hún dvaldi löngum stundum með vinkonum sínum og söng hástöfum. Ómaði oft margdradda englasöngur vinkvonnanna um alla ganga skólans án þess að hugfangnir samnemendur og kennarar áttuðu sig á hvaðan hann kæmi.

Eftir að í ljós kom hverjar væru á bak við sirenusönginn voru þær fengnar til að leika aðalhlutverk í árlegum söngleik skólans þar sem Ágústa fór á kostum, bæði í leik og söng.

Aðalkeppinauturinn


Ágústa tók þátt í annari söngvakeppni sinni í félagsmiðstöðinni Vitanum. Þar söng hún fyrir hönd Viðistaðaskóla. Í keppninni flutti hún Whitesnake-lagið „In the still of the night“ með logandi kerti í hendi, íklædd hvítu laki. Hún lenti í öðru sæti í keppninni en sú sem bar sigur úr býtum var engin önnur en Guðrún Árný Karlsdóttir með Whitney Houston-lagið „The greatest love of all“.

Þær stöllur leiddu svo hesta sína aftur saman í Söngvakeppni framhaldsskólanna skömmu síðar. Þar söng Ágústa í glæsilegum brúðarkjól og geislaði. Skemmtilegt er frá því að segja að Eurovision-söngvarinn Edgar Smári söng á móti henni. Allt kom fyrir ekki og þrátt fyrir stórgóða frammistöðu þurfti hún að játa sig sigraða í annað skiptið á stuttum tíma og aftur var það fyrir Guðrúnu Árnýju.

Um síðustu helgi fékk hún loks uppreisn æru þar sem hún, í gerfi Silvíu Nóttar, gersamlega rúllaði yfir aðra keppendur í Eurovision, þar á meðal Guðrúnu Árnýju sem söng lagið Andvaka af mikilli innlifun.

Ágústa Eva Erlendsdóttir sem leikur Silvíu Nótt í nærmynd *hér&nú*

Rólynda sveitastúlkan Sveitó og sæt í lopapeysunni sinni með náttúrulegan hárlit sinn.



Besta áhugaleikkonan Mynd tekin á sýningu Leikfélags Kópavogs á Grimmsævintýrum. Með henni á myndinni er Frosti Friðriksson.

„Hún söng mikið í skólanum en sökum feiminnar fór sá söngur oft fram á kvennaklósettinu í skólanum þar sem hún dvaldi löngum stundum með vinkonum sínum og söng hástöfum.“

FEIMIN LANDSBYGGÐARSTELPA

STJÖRNU-
FRÉTTIR

SEM BRAGÐAR EKKI ÁFENGI



Sexí í SKE Ágústa tók við af Ragnheiði Gröndal sem söngkona hljómsveitarinnar SKE um tíma.



Eftir fyrsta sönglutverkið Ágústa með nokkrum samleikara sinna úr söngleiknum þar sem hún lét ljós sitt skína í leik og söng.



Efnilegasta söngkonan Ágústa tekur við verðlaunum frá Ingibjörgu Sólrúnu.

Efnilegasta söngkonan

Fáir vita að Ágústa Eva tók þátt í Músiktilraunum árið 1999. Þar söng hún með hafnfirsku „drum and base“-hljómsveitinni Etanol. Hljómsveitin lenti í þriðja sæti en það var huggun harmi gegn að Ágústa var valin efnilegasta söngkonan. Sigurvegarar það árið voru rokkhundarnir í Mínus með sætu strákana Frosta og Krumma í fararbroddi. Á þessum tíma var Krummi bara kallaður Oddur.

Eftir Músiktilraunirnar fór hún í síauknum mæli að einbeita sér að söng og leik og var farin að semja eigin tónlist heima hjá sér. Hún hafði ekki mikinn áhuga á framhaldsskólanámi en reyndi þó fyrir sér bæði í MK og hönnun í lönskólanum í Reykjavík en kláraði hvorugt. Hún fór út á vinnurmarkaðinn og vann meðal annars í skóbuðinni skóris í Kringlunni og Smáralind. Á þessum árum ferðaðist Ágústa mikið og dvaldi um stund erlendis þar sem hún skoðaði sig um, lék sér og söng.

Leiklistin átti hug hennar allan þegar hún var í MK og tók hún þátt í fjölmörgum uppfærslum áhugaleikfélagsins í Kópavogi. Hún lék síðast þar í uppfærslu leikfélagsins á Grimmsævintýrum þar sem hún þótti fara á kostum.

Silvía lengi í fæðingu

Þessa dagana kemst þó fátt annað að hjá stúlkunni en landsins skærasta stjarna, Silvía Nótt. Hún söng um tíma með hljómsveitinni SKE en hefur þurft að hverfa frá því í bili. En hún tók við sem söngkona sveitarinnar af Ragnheiði Gröndal.

Ágústa er búin að ganga lengi með Silvíu Nótt í maganum og hefur þróað karakterinn með sér alveg frá unglingsárum. Það var svo Gaukur Úlfarsson sem lagði



Sigraði að lokum Ágústa hafði tapað fyrir söngdívunni Guðrúnu Árnýju í tveimur söngvakeppnum áður en Silvía Nótt gersigraði í Eurovision.

með henni lokahönd á karakterinn og framleiddi þættina vinsælu sem nú stendur til að gera að kvikmyndinni „Silvía Night, the movie“.

Þeir sem umgengust Ágústu í unglingsárum og síðar segjast muna eftir hálfmótuðum Silvíu Nóttar-töktum hjá henni þegar hún var að grínast með vinkonum sínum og fór oft á kostum með karakterum sem hún spannaði staðnum.

Yndisleg róleigheitamanneskja

Ágústa Eva hefur, ólíkt Silvíu Nótt, engan áhuga á sviðsljósinu og er þrátt fyrir gríðarlega velgengni síðustu misseri ennþá sama indæla róleigheitamanneskjan sem þó er glettin og hress í góðra vina hópi. Segja kunningjar hennar að hún hafi ekki látið frægðina stíga sér til höfuðs enda sé Silvía Nótt í raun alger andstæða hinnar listrænu og ljúfu sveitastúlku sem Ágústa er. Það fellur allt í ljúfa löð og hún er hvers manns hugljúfi þegar grimman fellur og tjaldíð er dregið fyrir.

CLAUDIO FERRICI



Atson

Leðuriðjan ehf. Brautarholti 4

LÍFSSTÍLL

Vilhjálmur er nokkuð lipur körfuknatt-leiksmaður



Góður Vilhjálmur var ekki í vandræðum með að drippla boltanum en var ekki eins góður að hitta í körfuna.



„En ég er ekkert viss um að ég gæti spilað heilan leik, þó ég sé reyklus maður.“

Flottur Vilhjálmur reimar á sig skóna rétt áður en skotkeppnin hefst.

SPILAÐI SÍÐAST ÞEGAR

KENNEDY VAR SKOTINN



Engu gleymt „Þegar ég var bæðinn um að taka þátt í þessari keppni tók ég léttu æfingu og hitti þrisvar í körfuna þá. En í sjálfri keppninni hitti ég ekkert.“



Skiptineminn „Ég æfði líka töluvert mikið sund í Bandaríkjunum og keppti meira að segja í amerískum fótbolta.“

Þegar ég var skiptinemi í Bandaríkjunum frá 1963–1964, þá æfði ég töluvert og ég man að ég var að spila körfubolta í skólanum þann 22. nóvember árið 1963. Þá glumdi í hátalara-kerfinu að forsetinn hefði verið skotinn, það muna allir hvar þeir voru þegar þetta gerðist og ég var sem sagt að spila körfubolta,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóraefni Sjálfstæðisfokksins. Hann tók þátt í skotkeppni í Laugardalshöll í tengslum við úrslitaleik Lýsingarbikarsins í körfubolta.

„Ég æfði líka töluvert mikið sund í Bandaríkjunum og keppti

meira að segja í amerískum fótbolta,“ segir Vilhjálmur sem var með harðsperrur í hægri hendinni eftir skotkeppnina. „Þegar ég var bæðinn um að taka þátt í þessari keppni tók ég léttu æfingu og hitti þrisvar í körfuna þá. En í sjálfri keppninni hitti ég ekkert,“ segir Vilhjálmur og spyr hvort við höfum ekki örugglega náð myndum af því.

„Ég uppgötvaði líka að ég hef engu gleymt og gekk tiltölulega vel í þessu. En ég er ekkert viss um að ég gæti spilað heilan leik, þó ég sé reyklus maður,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson að lokum.

Texti: Breki Logason og Jón Mýrdal H&N-mynd: Stefán

Elfa Björk datt út úr Idolinu



Sætastur Ingó hefur fengið mikla athygli og er vinsæll hjá stelpunum.



Glöð Ina stóð sig vel þetta kvöldið og brosti út að eyrum áður en hún fór á sviðið.

„...jæja, þá er maður bara mættur í Smáralindina...“



LÍFSSTÍLL

Mætt á svæðið Sígga Beinteins mætti hress.

STRESSUÐ Í SM



Mættur Einar Bárðarson mætir á svæðið, hann geymir greinilega jakkafötin baksviðs.

Styðja Ingó Sara og Hanna mættu til þess að styðja sinn mann, Ingó.



Það voru níu manna úrslit í Smáralindinni á föstudaginn og keppnin verður sífellt meira spennandi. Hún Elfa Björk datt út að þessu sinni en þemað þetta kvöldið var diskó. Allir voru í miklu stuði og sló hann Ingó enn og aftur í gegn. Töluðu margir um bestu frammistöðuna í ár en Vöðvavélin, Alexander Aron, fór einnig á kostum. Það virðist því vera sem strákarnir séu að rúlla þessu upp í ár. En spennan magnast og Hér & nú heldur áfram að fylgjast með.

Texti: Breki Logason
H&N-mynd: Daniel



„...lít ég ekki alveg örugglega út eins og Stebbi Hilmars...?“

Diskó!



„...ég verð að passa mig að labba kúl...“



„...ég er nú alveg nett stressaður...“



Flottur Alexander Aron, eða Vöðvavélin eins og hann er stundum kallaður, hefur staðið sig vel.



Borðað Nana fékk sér að borða með vinkonum sínum fyrir keppnina.



Stressuð Nana mætir á svæðið, virðist örlítið stressuð en stóð sig ljómandi vel.

ÁRALINDINN

Idol



Glaður Páll Óskar var í finu stuði þetta kvöldið.



Lögreglumál Einar er kominn í jakkafötin og tilbúinn í slaginn.



Datt út Árdís, Hafdís, Lilja og Katrín eru aðdáendur Eilífur Bjarkar sem þurfti að kveðja þetta kvöldið.

Hér & nú var að sjálfsögðu í öllum heitustu partíunum um helgina



Afmælisbarn Andrés Pétur Jónsson afmælisbarn og Jónína Benediktsdóttir voru í góðu skapi á NASA.



Félagar Grétar Sveinsson, þjálfari ÍH, og Heiðar Austmann mótshaldari.

Flott Líney var heit á undirfötum frá Knickerbox.



FLOTTAR STELPUR Í



Boltakallar Gunnar Bergmann, betur þekktur sem Gunni Barbie, Mikael Nikulásson og Rúnar Ágústsson.




Sætar Nína Björk, Marta Dröfn og Elín voru sætar í afmæli Andrésar Péturs á NASA.

Á helginni var margt um að vera og leit Hér & nú meðal annars í fjáröflunarteiti útvarpsmannsins myndarlega **Heiðars Austmann** en hann var að safna peningum fyrir knattspyrnulið sitt, ÍH. Þeir kapparnir eru á leið til Portúgals í sumar og eiga von á hörkusumri í boltanum. **Elisabet Thorlacius** sá um tiskusýningu í veislunni og var nóg af veigum í boði fyrir gesti. Hér & nú kíkti á Hverfisbarinn og NASA þar sem **Andrés Pétur Jónsson** hélt upp á afmælið sitt með pompi og prakt.


Texti: Brynja Björk Garðarsdóttir H&N-mynd: Ómar V



Flottar fyrirsætur Elisabet Thorlacius hélt undirfata-sýninguna og er hér stolt ásamt fyrirsætum sínum.




Burt með treyjurnar
Stelpurnar búa sig und-
ir að fara úr að ofan



Sjáðu sæta nafnann
minn Hrefna var glæsileg
í bleikum nærfötum

FÓTBOLTATREYJUM



Og koma svo
Módelin komin úr
trejju og í
miklu stuði

Djammjakkinn „Þessi jakki er mjög töff og ég nota hann mikið á djamm-inu. Ég keypti hann fyrir svona ári síðan í London.“

LÍFSSTÍLL

Ég versla mikið í Jack and Jones, það er svona aðal-búðin mín, en mér finnst líka gaman að kíkja í Zöru hérna heima,“ segir Jón Gunnlaugur Viggósson, nýbakaður herra Ísland. Jón Gunnlaugur tók við titlinum af fráfarandi herra Íslandi, Óla Geir Jónssyni, í síðasta mánuði en Óli Geir hafði ekki staðið undir væntingum framkvæmdastjórnar Fegurðar-samkeppni Íslands. Jón þykir ávallt vel til fara og því er ekki úr vegi að fá að gægjast í fata-skápinn hans. „Ég er ekkert sér-staklega að velta mér upp úr því að kaupa merkjavöru heldur bara ef mér list á flíkina, þá kaupi ég hana.“

Úr uppáhalds-búðinni „Þessar eru úr Jack and Jones, uppáhalds-búðinni minni.“

TÖFF AÐ VERA
KASJUAL FINN

Skór frá London „Mér finnst gaman að eiga marga skó, þessir eru svona hédan og þaðan, ég var til dæmis í London um síðustu helgi og keypti mér þar þá.“



Kasjúbl finn „Það er alltaf gott að eiga nóg af bindum og mér finnst gaman að geta poppað lúkkið aðeins upp með því að vera svona kasjúbl finn með bindi og í gallabuxum.“



Filar þessar vel „Ég fíla þessar gallabuxur mjög vel, ég keypti þær í Next í Kringlunni.“



Pólóbolir frá Ameríku „Flestir af þessum bolum, ef ekki allir, eru keyptir í Bandaríkjunum en ég fór þangað um daginn og fyllti fataskápinn. Það eru svo svakalega margar búðir þarna og gaman að versla, ég fór í Mall of America og það var ekkert smá auðvelt að tynast þar inni.“



Gaman að skyrtunum „Þetta er nú bara helmingurinn af skyrtunum sem ég á en mér finnst æðislega gaman að geta skipt um lúkk með því að fara í nýja skyrtu.“



Fréttamaðurinn Svavar Halldórsson á fallegar dætur sem kunna að þrjóna trefla

Fallegar dætur Erna María, Rebekka Ósk og Guðbjörg Lilja með pabba sínum.

Guðbjörg Lilja
Þrjónaði þennan trefil handa pabba sínum.

Erna María
Þrjónaði bleikan trefil fyrir pabba sinn.

Rebekka Ósk
Gaf pabba sínum fallegan kertastjaka sem hann er mjög ánægður með.

DÆTURNAR FARA Í FRÉTT



LÍFSSTÍLL

TAMANNA-BARBÍ

Gaman Dætur Svavars fara mikið í fréttamannaleiki.

Erna María og Guðbjörg Lilja voru í allt haust að þrjóna þessa trefla og gáfu okkur Þóru pakka með treflum sem voru ætlaðir okkur báðum,“ segir fréttamaðurinn á NFS Svavar Halldórsson. „Þessi blái og græni var rosalega þægilegur og ég notaði hann mikið. Svo var ég með hann í nokkur skipti í sjónvarpinu. Þá varð hin þínulítið fúl því hún vildi hafa sinn trefil líka í sjónvarpinu,“ segir Svavar frekar léttur á því.


„Það var því lítið annað að gera en að fara með hann í vinnuna einn daginn og vera svolítið bleikur, það voru mjög margir sem tóku eftir þessu og minntust á þetta við mig,“ segir Svavar sem hefur staðið sig vel í fréttunum á NFS.

Svavar er í sambúð með fréttakonunni Þóru Arnórsdóttur sem vinnur einnig á NFS og eru þau nýbúin að eignast litinn strák, eins og Hér & nú hefur áður greint frá. Ekki er búið að skíra drenginn en hann er kallaður Halldór. Þriðja dóttirin,


sú með köflotta trefillinn á myndinni, heitir Rebekka Ósk en hún gaf Svavari og Þóru kertastjaka sem Svavar er mjög ánægður með. Þegar Hér & nú hitti á feðgin voru þau á leiðinni í IKEA. „Þær teiknuðu mynd handa Þóru sem á afmæli á laugardaginn, við erum á leið í IKEA að kaupa ramma því það á að gefa henni myndina í afmælisgjöf,“ sagði Svavar, stoltur af stelpunum sínum.

Dætur Svavars lifa og hræst í heimi fjölmiðlanna enda Svavar og Þóra bæði fréttamenn á NFS og því er mikið rætt um fjölmiðla. „Þegar þær eru í svona umhverfi verða leikirnir nokkuð óvenjulegir, þær eru nefnilega alltaf í fréttamannaleikjum,“ segir Svavar og bætir við að á sínu heimili sé farið í fréttamanna-barbí. „Þær stelast alltaf í fréttamannapassana okkar Þóru og fara í fréttamannaleiki, þetta er svolítið öðruvísi en það er gaman að þessu.“

Texti: Breki Logason H&N-mynd Vilhelm



Nýfæddur Svavar með soninn sem nefndur er Halldór.



Með myndina Stelpurnar teiknuðu mynd af Þóru sem þær gáfu henni í afmælisgjöf.

ÓGISSLEGA "FLOTTUR RASS, SKILURU!"





SILVIA NÓTT

Hér & nú

Michael Owen
Tryggir hann Englandi
heimsmeistaratítul?



Tryggir hann Englandi
heimsmeistaratítul?

OWEN Á GÓÐRI LEIÐ Í ÚRSLIT

Fótboltamaðurinn knái Michael Owen er á góðri leið með að slá í gegn á ný og vonast Englendingar eftir því að endurkoma hans í landsliðið muni tryggja þeim heimsmeistaratítulinn. Michael hefur verið að ná sér eftir slæm meiðsli en hann fótbrotnaði í desember í leik gegn Tottenham.

Upphaflega óttuðust læknar að hann gæti ekki spilað meira út tímabilið en nú hefur annað komið í ljós.

„Undanfarna tvo daga hef ég getað hlaupið svo ég er á góðri leið með að ná mér. Vöðvarnir eru aðeins að byggjast upp aftur og ég vonast til þess að komast í gang aftur eftir nokkrar vikur,“ sagði Owen.

Knattspyrnukóngurinn með áhyggjur á vellinum

„Nú eru liðin tvö tímabil
hérna á Spáni þar sem
við höfum ekki unnið
neitt. Það er glatað.“

David Beckham
Er orðinn leiður á
að vinna ekki titla
á Spáni.

ÍPRÓTTASLÚÐUR *hér&nú*

BECKHAM

HRÆDDUR UM AÐ STANDA SIG EKKI Á SPÁNI

Knattspyrnumaðurinn David Beckham hefur greint frá því að hann sé dauðhræddur um að standa sig ekki hjá Real Madrid. Eftir að hafa flutt sig úr ensku deildinni yfir til spænska risans árið 2003 hefur hann ekki náð að lyfta bikar einu sinni.

„Ég vil ekki að neinn tengi feril minn við mistök og ég vil ekki vera næstbestur í neinu,“ segir Beckham stórkaralega og bætir við:

„Ég hef notið þess að spila með liðinu en ég vil líka vinna bikara og medaljur. Meðan ég var að spila með Manchester United leið mest eitt tímabil þar sem ég vann ekkert. Nú eru liðin tvö tímabil hérna á Spáni þar sem við höfum ekki unnið neitt. Það er glatað.“

Texti: Brynja Björk Garðarsdóttir
DV-mynd Nordicphotos/Getty

Gæðahreinsun – góð þjónusta Þekking • Reynsla • Þjónusta

Skýrtupvottur / Dúkaþvottur / Heimilisþvottur

Hreinsum einnig sængur

Opið

mán-fim 8:00 - 18:00 • föst 8:00 - 19:00 • laugardaga yfir vetrartíma 10:00 - 13:00






Greitt í píku Hérna er Pittarinn með fallega ljósan makka sem hann greiðir smekklega í píku.



Villtur Úfinn og sætur hérna áður en hann sló í gegn í myndinni um Thelmu og Lousie.



Algjört krútt Hér var Brad Pitt um það bil að slá í gegn, rétt áður en Interview With a Vampire kom út, dókkhærður og krúttlegur.



HINAR FJÖLMÖR

HÁRGREIÐSLUR P

Hjartaknúsarinn
Brad Pitt hefur svo
sannarlega átt betri
hárdaga. Undanfarið
hefur Pittarinn sést
með hrafnsvarta
lokka ofan í augum.



Svarthærður Núna hefur Brad ákveðið að lita hár sitt svart og safna því fyrir fallegu bláu augun sín. Ekki erum við nógu hrifin af því.



Síðhærður Hérna er Pittarinn orðinn heldur villimannslegur en hann safnaði hári fyrir kvikmyndina 7 Years in Tibet.



Glæsilegur Hérna er Brad búinn að láta hárið vaxa aðeins og er með skemmtilega hreyfingu í því.

Brad með brodda Þegar tókum á 7 Years in Tibet lauk ákvað Brad að láta hárið flakka og snoðaði sig. Sætur svona.



Feiminn? Hér er Brad enn ljóshærður og alltaf jafn sætur.



Nei, hættu nú Hér gekk Brad aðeins of langt og lét aflita hárið. Ekki er þetta nógu smart.

RGU

PITTARANS

Hollustuna heim!

Hollur og góður kínamatur, stórir skammtar - beint heim til þín.



TILBOÐ 1

Djúpsteiktar rækjur
Original hot and sweet svínakjöt
Snöggsteikt nautakjöt í ostrusósu
Kinverskar eggjanúðlur m/kjúklingi og grænmeti
Hrisgrjón, súrsæt sósa, prjónar og soya sósa

1.245 á mann
2.490 fyrir tvo

TILBOÐ 2

Djúpsteiktar rækjur
Peking kjúklingur m/kínasveppum
Wok steikt lambakjöt m/svartbauna-sósu
Original hot and sweet svínakjöt
Hrisgrjón súrsæt sósa, prjónar og soya

1.345 á mann
2.690 fyrir tvo

TILBOÐ 3

Rifjapartý

Konton svínaríf
Hrisgrjón, prjóna og soya
poki af Maarud

1.150 á mann
2.300 fyrir tvo

2 L COKE OG RÆKJUFLÖGUR FYLGJA Í „TAKE AWAY“

BARNABOX



2 kjúklingaleggir franskar og kokteilsósa kinderegg
600 kr



ORIENTAL RESTAURANT • LAUGAVEGI 19

FRÍ HEIMSENDING

Lágmarkspöntun er kr. 1.900,- en kr. 4.000,- í Hafnarfjörð.
Opið: mán.-fim. 12-22, fös. og lau. 12-23, sun. 17-22

PÖNTUNARSÍMI 552 2399

Gæðastál

18/10



Vönduð stálpottasett

Orkusparandi • Prefaldur botn • 12 hlutir

Aðeins kr. 22.000,-

Kynningarverð

Elhúshnifar Steikarasett

24 hlutir

Aðeins kr. 12.000,-



Hnífapara-töskur

72 hlutir

Gyllt eða stál

Aðeins kr. 12.000,-

Pöntunarsímar 862 5273 og 893 2666

Sendum í póstkrofu ef óskað er.

Póstburðargjald greiðist af viðtakanda

Ice-Atlantic ehf.

Sími 893 2666

ALVÖRU FÓLK

Teitur Þorkelsson og kærastan gera heimildarmynd um borgarastríðið í Nepal

ALVÖRU FÓLK

Heitur Teitur!

Teitur og kærastan Sigga kærasta Teits gerir heimildarmyndina með honum.

Flottur Teitur var lengi vel einn sá allra heitasti í Reykjavík.

ÞAÐ ER ALLT AÐ FARA Í HUNDANA Í ÞESSU LANDI

Ég er búinn að vera í Nepal að gera heimildarmynd um borgarastríðið þar," segir Teitur Þorkelsson sem staddur er hér á landi þessa dagana en hann er búinn að vera í námi í Bandaríkjunum síðustu tvö árin. Þar var hann að læra alþjóðaöryggismál og alþjóðalög en klára það í maí. „Við vorum þarna í þrjá mánuði í sumar og svo í mánuð nú í janúar. Þetta er fyrir íslenskan og alþjóðlegan markað. Sigga, kærastan mín, er með mér í þessu," segir

Teitur en kærastan hans starfar sem skrifta á NFS. „Ég klára skólann í maí og ætla þá að fara út í einn og hálfan eða tvo mánuði. Það er allt að fara í hundana í þessu landi. Skæruliðarnir sem eru að berjast þarna vilja steypa kóngnum af stóli," segir Teitur sem hefur mikinn áhuga á borgarastyrjöldinni sem geisar í landinu. „Foringi skæruliðanna sagði nýlega að eftir nokkur ár, þegar þessu er lokið, verði kóngurinn annað hvort sendur í útleð eða bara tekinn af

lífi, það eru nokkuð stór orð."

Teitur var á svæðinu núna í janúar og allt var brjáláð. „Það var táragas, sprengingar og útgöngu-bönn."

Andrea Róberts, vinkona Teits, er nú stödd í Nepal á ferðalagi. „Við ætluðum nú að hittast en það varð ekkert úr því. Við höfum sennilega verið í loftinu á sama tíma, ég á leiðinni heim og hún út. En það hefði verið gaman að hittast í Himalaya eða eitthvað," segir Teitur hress að lokum.

Í námi í Bandaríkjunum Teitur er að læra alþjóðaöryggismál og alþjóðalög.

Texti: Breki Logason og Jón Mýrdal H&N-mynd Heiða

Sonja Haraldsdóttir berst fyrir betri kjörum aldraðra og öryrkja

Baráttukona!

Sonja Haralds Hefur átt erfitt líf en berst nú fyrir betri kjörum aldr- aðra og öryrkja.

UPPLIFÐI SPRENGJ Í SEINNI HEIMSSTY

Ég er frá Þýskalandi, nánar til- tekið frá Hamborg. Þar bjó ég með móður minni og tveimur bræðrum í lítilli íbúð. Þetta var í seinni heimsstyrjöldinni," segir Sonja Haraldsdóttir, 69 ára öryrki sem býr í Breiðholtinu. Sonja er í hungurverkfalli til þess

að berjast fyrir bættum kjörum öryrkja og aldraðra. „Þegar ég var ung og bjó í Þýskalandi fóru fram mestu sprengjuárásir á Hamborg í síðari heimsstyrjöldinni. Við dvöldum í neðanjarðarbyrgjum og það var hroðalegt, fólk grét og sprengjunum rigndi yfir borgina,“


segir Sonja sem aldrei hefur náð sér eftir þessa lífsreynslu.

Flutti upp í sveit


Í júlí 1943 flutti Sonja með móður sinni og tveimur bræðrum upp í sveit. Faðir hennar hafði yfirgefið fjölskylduna og

Sonja fékk aldrei að vita hvað varð um hann. „Eftir sprengju- árásirnar ákvað mamma að flytja upp í sveit því bandamenn höfðu kastað fosfórsprengjum á borgina. Það lágu lík út um allt og húsið okkar var brunnið til kaldra kola. Stríðið var búið í


Sonja er fædd í Þýskalandi árið 1937 og lenti í sprengjuárásum í Hamborg. Hún bjó hjá dýralækni á Hellu en flutti svo til Reykjavíkur og endaði inni á geðdeild illa haldin af þunglyndi. Hún hefur átt í bréfaskriftum við Móður Teresu, hefur hitt Louis Armstrong og sjálfan Derrick.



Þýsk „Pegar ég var ung og bjó í Þýskalandi fóru fram mestu sprengjuárásir á Hamborg í síðari heimsstyrjöldinni.“




Trúuð „Ég gæti aldrei farið í gegnum þessa eldskírni sem hungurverkfallið er nema ég gæti treyst á guð.“




Derrick Sonja hefur hitt sjálfan Horse Trappet sem lék Derrick.



Armstrong Sonja hefur líka hitt Louis Armstrong.



Í hungurverkfalli Sonja drekkur sojamjólk og borðar rúsinur.



Bjó í sveit „Stríðið var búið í okkar augum en það var ekki tekið vel á móti okkur í sveitinni. Ekkert rennandi vatn og ekkert klósett, við notuðumst við óhreinan útikamar.“

FRAMHALD Á NÆSTU OPNU

UÁRÁSIR RJÖLDINNI

okkar augum en það var ekki tekið vel á móti okkur í sveitinni. Ekkert rennandi vatn og ekkert klósett, við notuðumst við óhreinan útikamar,” segir Sonja og greinilegt er að sveitalífið í Þýskalandi hefur ekki átt vel við þessa baráttukonu.

Bjó hjá dýralækni á Hellu

Sonja er öryrki í dag og kennir hún þessari lífsreynslu um þunglyndi sitt og erfiðleika. „Árið 1957 svaraði ég auglýsingu í þýsku blaði þar sem óskað var eftir au-pair á Íslandi sem hefði áhuga á hestum. Það var

þýskur dýralæknir sem bjó á Hellu sem auglýsti,” segir Sonja sem sigldi til Íslands sama ár og kom sér fyrir hjá dýralækninum og fjölskyldu á Hellu. „Vistin var hræðileg. Fólkið var mjög vont og ég hætti eftir sex vikur og flutti til Reykjavíkur.“

Pegar komið var til Reykjavíkur kynntist Sonja manninum sínum sem hún skildi síðar við eftir níu ára samband. Sonja á soninn Axel sem hefur stutt hana mikið í baráttunni en hann er einnig öryrki og er haldinn þunglyndi líkt og móðir hans.



Erfitt á Hellu „Vistin var hræðileg. Fólkið var mjög vont og ég hætti eftir sex vikur og flutti til Reykjavíkur.“

UPPLIFÐI SPRENGJUÁRÁSIR Í SEINNI HEIMSSTYRJOLDinni

Lögð inn á geðdeild

Árið 1985 fékk Sonja taugaáfall og var vistuð á geðdeild í átta mánuði. „Þessir mánuðir voru hreint helvíti. Það var aldrei fundið út hvaða lyf hentuðu mér og lækarnir voru sífellt að

prófa eitthvað nýtt, mér leið mjög illa á þessum tíma,“ segir Sonja sem leitar mikið í trúna í baráttu sinni. Sonja hvorki í þjóðkirkjunni né öðrum söfnuðum heldur finnur hún trúna með sjálfri sér. „Ég gæti aldrei farið í

gegnum þessa eldskírn sem hungurverfallið er nema ég gæti treyst á guð,“ segir Sonja sem fékk köllun sína eins og hún orðar það 9. apríl árið 1978.

Í sambandi við Móður Teresu

Náungakærleikur er Sonju ofarlega í huga enda er baráttu hennar fyrst og fremst hugsuð til þess að styðja við bakið á öðru fólki sem á erfitt. Í hverjum mán-

Fjölskyldan Sonja er með margar fjölskyldumyndir.



**„Árið 1957 svaraði ég
auglýsingu í þýsku blaði
þar sem óskað var eft-
ir au-pair á Íslandi sem
hefði áhuga á hestum.“**



Börnin Í hverjum mánuði
greiðir Sonja um sjö þúsund
krónur til sex barna úti í heimi.

uði greiðir Sonja um sjö þúsund krónur til sex barna úti í heimi. Hún er heimsforeldri og er með myndir af börnunum sínum sem henni þykir mjög vænt um. Í gegnum tíðina hefur Sonja reglulega sent bréf til Kalkúttá á Ind-

landi. Einu þeirra svaraði sjálf Móðir Teresa sem þakkaði Sonju fyrir ljóð sem hún sendi henni. Sonja sýndi okkur eitt af bréfunum sem hún fékk frá Móður Teresu þann 16. janúar árið 1997:

Dear Sonja R. Haralds.

Thank you for your love and all the prayers offered for me. Let us take whatever God gives and give whatever He takes with a smile.

*That is holiness
Let us pray,
God bless you.*

**Og undir þetta skrifar
sjálf Móðir Teresa.**

Bræðurnir Gunnar og
Kristján Jónassynir reka
Kjötborg í Vesturbænum.

ALVÖRU
FÓLK

Kaupmennirnir og bræðurnir
Gunnar og Kristján Jónassynir
eru Víkingar í miðju KR-hverfi

BÍLLINN HELSTI ÓVINUR

Faðir okkar stofnaði Kjötborg með afa árið 1956 og þeir voru í Búðargerði fyrstu 25 árin og komu svo hingað árið 1981,“ segir Gunnar Kristjánsson kaupmaður sem rekur smárvöruverslunina Kjötborg með Kristjáni bróður sínum. Það er níu ára aldursmunur á þeim bræðrum en á tímabili rak Gunnar verslun í Stórholti 16 en kom yfir skömmu áður en faðir þeirra lést árið 1988.

„Maður ólst upp við að afgreiða og byrjaði 12 ára gamall. Fyrst byrjaði ég að pakka kartöflum eins og þetta var gert í gamla daga en vann

sig svo upp úr kjallaranum og bak við búðarborðið,“ segir Gunnar sem man tímana tvenna í verslunarbransanum.

Víkingar í KR-hverfinu

Á fyrstu árum þeirra bræðra í verslunarrekstrinum voru Íslendingar lélegir að borða grænmeti að sögn Gunnars. „En þegar þeir byrjuðu að fara í Spánarferðirnar áttuðu þeir sig á því að það var hægt að borða annað grænmeti en hvítkál, gulrætur og lauk,“ segir Gunnar en þeir bræður eru gallharðir Víkingar á besta stað í KR-hverfinu.

„Við segjum samt á hurðinni hjá okkur að það séu allir KR-ingar inn við beinið og við höldum með þeim svo framarlega sem þeir séu ekki að keppa við Víking, KR-ingar viðurkenna okkur Víkinga líka alveg sem verðuga fulltrúa. Það hefur alltaf verið gott á milli þessara tveggja félaga,“ segir Gunnar en þeir bræður eru alvöru kaupmenn í rauðum sloppum. „Við höfum alltaf haldið í að við séum búð en ekki sjoppa. Við lítum á okkur sem búð með sjoppu-ívafi en ekki öfugt eins og margir hafa gert. Við komum víða við og

erum með vörur frá mörgum aðilum en ekki mikið af hverju. Við miðum við að taka hraðar inn og setja hlutina hratt í gegn.“

Með sjávarþorp á bakinu

En er ekki erfitt að vera kaupmaðurinn á horninu eftir að allir stórmarkaðirnir komu til sögunnar?

„Jú, jú, en það hafa komið verri tímabil. Við erum á menningarsvæði og hér keyrir ekki allt fólk út í búð, enda er billinn mesti óvinur smákaupmanna. Hér er mikið af námsfólki, rithöfundum og fólki sem er heima við og



Lengi í bransanum „Faðir okkar stofnaði Kjötborg með afa árið 1956 og þeir voru í Búðargerði fyrstu 25 árin og komu svo hingað árið 1981.“



Elleheimili í grenndinni „Svo er náttúrulega 500 manna samfélag við hliðina á okkur sem er eins og að vera með lítið sjávarþorp á bakinu.“



Vikingar „Við segjum samt á hurðinni hjá okkur að það séu allir KR-ingar inn við beinið og við höldum með þeim svo framarlega sem þeir séu ekki að keppa við Víking.“

R SMÁKAUPLMANNINS

nýtir sér það að geta kíkt á okkur,“ segir Gunnar og bætir við að litlar fjölskyldur græði á svona litlum búðum. „Svo er náttúrulega 500 manna samfélag við hliðina á okkur sem er eins og að vera með lítið sjávarþorp á bakinu,“ segir Gunnar og á þar við elleheimilið Grund sem er við hliðina á Kjötborg. „Hér myndast oft góð stemming og fólk hittir vini sína og kunningja.“

Þekkir kúnnana með nafni

Gunnar segir 70–80% af viðskiptavinunum vera fastakúnnna og

þeir reyni að gera þetta á persónulegu nótunum. „Kúnnarnir eru með mismunandi áhugamál þannig að maður reynir að setja sig inn í þau. Við þekkjum mikið af okkar kúnnum og það er liður í þessu að muna nöfnin og að fólkið finni að það þekki mann.“

Og Gunnar vill ekki meina að smákaupmenn séu deyjandi stétt. „Við sem erum ennþá í þessu höldum því fram að við munum lifa af. Fólknið vill halda í þessar búðir og Kringlan verður aldrei persónuleg.“

En hvernig gengur að vinna

með bróður sínum, eruð þið góðir vinir?

„Það gengur bara ágætlega held ég en við erum ekki alltaf samála. Biddu aðeins...“ segir Gunnar sem er á fullu að afgreiða. „Þið fáið bara tvær og þá er þetta akkúrat 500. Eruð þið ekki ánægðar með það? Þetta er bara sléttur afsláttur,“ segir Gunnar við tvær stelpur sem hann er að afgreiða.

Sendast heim

Bræðurnir í Kjötborg keyra líka út vörur til kúnnna sem þekki ekki hjá mörgum kaupmönnum í dag.

„Við sendumst mikið fyrir fólk sem hefur lengi verslað hjá okkur og reynum að sinna þessum þáttum sem aðrir geta ekki sinnt. Eitt sinn var bróðir minn að sendast út á Þorláksmessu og var búinn að vera lengi. Ég hringdi í hann til þess að athuga með hann. Þá var hann að setja upp jólaseríu hjá kúnnanum og hætti ekki fyrr en hann kom henni í lag,“ segir Gunnar og hlær. Það er því greinilegt að þeir bræður reka verslun sína á persónulegu nótunum. Það vill því miður oft gleymast í þessu hraða þjóðfélagi sem við lifum í.

FJÖRUGIR FIMM



Heitir plötusnúðar Gísli og Allí eru heitustu plötusnúðar staðarins. Þeir spila bara skemmtileg lög og hafa átt farsælt samstarf í eitt og hálfu ári. Strákarnir, sem eru báðir á lausu, stunda báðir nám í viðskiptadeild skólans. Sem dæmi um það hversu heitir strákarnir eru, þá hitaði Megasukk nýlega upp fyrir þá á kaffihúsi staðarins en ekki öfugt.

Rómantíkin blómstar

Mikið er um paramyndanir innan veggja Bifrastar og sumir segja að rómantíkin liggi í loftinu á göngum skólans. Lovísa Hilmarsdóttir og Stefán Bergsson kynntust í skólanum í haust og blossaði ástin upp á milli þeirra þrátt fyrir fimm ára aldursmun.



ALVÖRU
FÓLK

Magnað Megasukk Megas kíkta nýlega í heimsókn á Bifröst og hélt þar tónleika ásamt Súkkati. Hér er kappinn með Hlé, ritara nemendafélags skólans, en nemendafélagið hefur verið duglegt við að standa fyrir ýmsum menningarviðburðum.



Sæt sveitasæla Sveinn Tjörvi Viðarsson og Bjarni Herrera voru að byrja í lögfræði í haust og kunna vel við sig í sveitasælunni á Bifröst.

TUDAGAR

Nemendur á Bifröst drekkja sér ekki bara í lærdómi heldur sinna þeir einnig menningarmálum



Gott kaffihús Ásgerður Heba og Ragnar Pétursson standa vaktina á Kaffi Bifröst sem nemendur skólans sækja stíft alla daga vikunnar hvort sem er til að fá sér matarbita í hádeginu eða bjór og eitt-hvað af grillinu á kvöldin. Kærasta Ragnars stundar nám við skólann en Ásgerður elti systur sína á staðinn.



Það hafa verið ýmsar uppákomur hér á Bifröst í vetur sem flestar hafa fengið góðar undirtektir og oft hafa færri komist að en vilja. Nýlega var Megasukk með tónleika hérna og Bubbi kom hingað fyrir áramótin og fékk afar góðar viðtökur,“ segir Hlédís Sveinsdóttir, ritari nemendafélagsins á Bifröst, betur þekkt sem Hlé. Ekki má heldur gleyma þorablóttinu, singstarkeppni og uppistandi með Helgu Brögu – og þá eru aðeins fáeinir af þeim atburðum sem lífgað hafa upp á félagslíf nemendanna upptaldir. Á þriðjudögum er spurningakeppnin Gettu Bifró á kaffihúsi staðarins sem minnir á „pub quizið“ á Grand rokki. Þessi spurningakeppni er hrikalega vinsæl og hafa nemendur skólans afar gaman af því að láta reyna á vísku sína sín á milli. Jeppaklúbbur er líka starfræktur við skólann og stendur

hann fyrir skemmtilegum jeppaferðum og hestamannafélagið er einnig mjög virkt.

Nemendum með pólitískan áhuga leiðist ekki heldur á Bifröst því í síðustu viku var stofnað Samfylkingarfélag á staðnum en framsóknar- og sjálfstæðismenn hafa lengi átt eigin félög í skólanum. Það má því búast við enn fjörugrí stjórnmálaumræðu við skólann í framtíðinni eftir stofnun þessa nýja félags en afar góð mæting var á stofnfundinn. Nýlega tóku svo þrír nemendur í skólanum sig saman og blésu til heilsuátaks meðal nemenda. Átakið mun standa fram að árhátíð skólans en þá fær sá sem best hefur staðið sig í átakinu veglegan vinning.

Alþingismenn framtíðarinnar? Samfylkingarmenn á Bifröst stofnuðu nýlega sitt eigið félag við skólann og var Benedikt Bjarnason kosinn formaður félagsins. Heiðar Már formaður sjálfstæðismanna á Bifröst óskar honum hér til hamingju með kosninguna.



Félagar í frumgreinadeild Mesta fjörið á Bifröst er yfirleitt á fimmtudagskvöldum sem eru sögð eins og föstudagskvöld í öðrum háskólum. Júlíus Arnarsson mætti með bindi á tónleika Megasukks en félagi hans Davíð Hansson lét stuttermabolinn duga.

2006

ELANSON BABY

Nýi **BASSON Roma III** barnvagninn er kominn. Hann er þæði vagn og lúsur svefnkoma. Vagninn er þykkiðilstraður og kemur í fylgi sér svunta. Aðlaði er vakra- og vinnuféll. Skiptibaska og fugnarétt fylgir með. Fáanlegur í mörgum nýjum litum.

Skoðið úrvalið á www.oo.is

Úrvalið
er hjá okkur

olavía og oliver

Glæsibæ - Sími 553 3366 - www.oo.is



Kompás „Við eigum að láta okkur þetta varða og þá er gott að til eru samtök eins og Blattafram.is og sjónvarpsþættir eins og Kompás.“

Sirry Sigríður Arnardóttir skrifar um barnaniðingna í íslensku samfélagi.

Sirry
SEGIR

LÍTUM EKKI Í EFLUM SJÁLFSTRAUST OG SJÁLFSVIRÐINGU BARNA

Stúlkur og drengir þurfa að hafa sterka sjálfmynd og það þarf að hugsa vel um þau í uppvextinum til að þau geti frekar varast skepnur sem vilja misnota þau.

Þetta kom berlega í ljós þegar spurt var: „Byr barnaniðingur í nágrenni við þig?“ í hinum ágæta fréttaskýringaþætti Kompási á Stöð 2 og NFS nýlega. Samkvæmt rannsókn þáttarins var mikill áhugi hjá íslenskum karlmönnum á öllum aldri að hitta 13 ára gamla stúlku sem þeir kynntust á netinu. Karlarnir höfðu bara eitt í huga og það var ekkert föðurlegt sem þeir ætluðu sér. Það kemur mér á óvart að sumir

virðast alveg hlessa og trúa því ekki að svona geti átt sér stað á okkar góða landi. En hér finnst úlfar í sauðargæru.

Reynslusaga 11 ára

Ég hef sjálf aldrei lent illa í kynferðislega brengluðum mönnum. En það hefði alveg getað farið illa fyrir mér ef ekki hefði verið hugsað um mig og ég frædd um hættur sem leynast víða.

Eitt sinn þegar ég var 11 ára og á leið að hitta vinkonur mínar í Austurbæjarbíói stoppaði miðaldra maður mig úti á götu og bað mig að hjálpa sér. Hann sagðist hafa læst sig úti. Hvort ég gæti ekki skriðið inn um

kjallaragluggann á Snorrabrautinni og hleypt sér inn. Það getur vel verið að maðurinn hafi bara verið lyklalaus. En ég mundi eftir sögum af mönnum sem vildu níðast á börnum svo ég horfði á myrkvað herbergið fyrir innan ókunnugan kjallaragluggann og svaraði manninum ákveðið: „Vinkonur mínar biða eftir mér og þú getur bara beðið lögregluna um aðstoð.“ Kannski slapp ég þarna við slæma reynslu. Hver veit?

En það er víst að:

- Börn þurfa að að vita af hættunum.
- Börn þurfa að vita að þau

eiga ekki að bera ábyrgð á fullorðnum.

- Börn hafa rétt á að gera ekki allt sem þau eru beðin um eða skipað að gera.

Reynslusaga 13 ára

Þegar ég var 13 ára auglýsti ég í dagblaði eftir sumarvinnu. Aðeins einn svaraði auglýsingunni. Karlmaður á miðjum aldri hringdi og sagðist reka sokkabuxnaverksmiðju á Vesturgötu. Hann spurði mig út í aldur, hæð og þyngd. Lofaði fínum launum og starfið hljómaði vel. Það mig um að kíkja til sín á skrifstofuna. Það væri bara eitt í þessu starfi sem ég þyrfti að vita. Starfs-

Býr barnaniðingur í nágrenni við þig? „Það kemur mér á óvart að sumir virðast alveg hlessa og trúá því ekki að svona geti átt sér stað á okkar góða landi. En hér finnast úlfar í sauðgæru.“

Sirry skrifar um barnaniðinga í íslenskum raunveruleika

„Karlarnir höfðu bara eitt í huga og það var ekkert föðurlegt sem þeir ætluðu sér.“

AÐRA ÁTT OG UNGLINGA

stúlkurnar þurftu að máta sokkabuxurnar. Maður átti sem sagt að vera á nærbuxunum meira og minna allan vinnudaginn. Ég sagðist ekki koma nema mamma kæmi með. Og þar með var þetta atvinnutilboð úti. Pottþétt einhver óþverri þarna á ferðinni.

Fræðum börnin

Unglingar sem eiga enga að sem passa þá, fræða og vernda eiga mun frekar á hættu en aðrir að verða fyrir barðinu á misindismönnum sem vilja nýta sér þá. En það er gott að vita að til eru samtök sem láta sig fræðslu barna varða. Gott hjá samtök-

unum Blátt áfram að fræða krakka um kynferðislega misnotkun í sjónvarpsauglýsingum. Auðvitað eiga foreldrar að sjá um þetta en það eru til foreldrar sem virðast helst hafa áhuga á því að koma börnunum sínum fyrir og losna við þau sem oftast. Foreldrarnir eru kannski þreyttir, óreglusamir, latir, veikir og svo framvegis. Ástæðurnar geta verið misjafnar en þá er líka eins gott að við öll tökum höndum saman og pössum þessa krakka sem standa einir og varnarlausir í lífinu.

Hrósum börnunum

Eins og frægt er orðið: „Það

þarf þorp til að ala upp barn.“ Þegar við sjáum börn sem lítið er hugsað um eignum við að skerast í leikinn. Láta vita, ræða við fjölskylduna, skóla eða yfirvöld. Og alltaf að taka barninu vel, segja eitthvað fallett og kanna hvort við getum ekki stutt það á einhvern hátt. Það fallega sem við segjum við börn og það góða sem við gerum fyrir þau verður ekki frá þeim tekið.

Við eigum að hrósa börnum og efla þau á allan hátt svo þau geri kröfur fyrir sig, sjái sig sem dýrmæta einstaklinga sem láta ekki bjóða sér neitt ósæmilegt. Stelpur sem hafa sjálfstraust í lagi og vita að þær eru mikils virði láta

ekki einhverja karla á netinu lokka sig inn í skúmaskot.

– Það er staðreynd að það eru og hafa alltaf verið til barnaniðingar.

– Það er staðreynd að það eru til varnarlaus börn sem er illa sinnt.

– Það er staðreynd að þau börn eiga frekar á hættu að falla í gryfjur óþokka.

Við eigum að láta okkur þetta varða og þá er gott að til eru samtök eins og Blattafram.is og sjónvarpsþættir eins og Kompás.

Lítum ekki í aðra átt – eflum sjálfstraust og sjálfvirðingu barna og unglinga.

ALVÖRU
FÓLK

Tvíburar!

„Í muay thai er leyfilegt að grípa um höfuð andstæðingsins og tuska hann til og frá meðan maður lætur hnéspörkin dynja á honum.“

Helgi og Óli Torfasynir
Með kókoshnetur á para-
dísareyjuni Phuket.

MUAY THAI - TVÍBURAR

Við æfum bara hérna eins og brjálæðingar á morgnana og um eftirmiðdaginn, restin af deginum fer í að sólbaða sig á ströndinni og synda í sjónum og á kvöldin fer maður á veitingastaði og næturmarkaði,” segir Helgi Torfason en hann og tvíburabróðir hans Óli eru nú í þjálfunarbúðum á tailensku eyjuni Phuket og nema þar forna bardagalist Tailendinga muay thai.

Hörð íþrótt

„Maður kemst í alveg toppform hérna ef maður er duglegur,“ segir Helgi ákveðinn. En æfing-


arnar geta oft verið erfiðar eins og má sjá á vefsíðu þeirra félaga.

„Í dag er eins og ég sé þunglyndur. Hausinn minn hangir í kjöltunni á mér út af hnakkaglimunni síðan í gær. Í muay thai er leyfilegt að grípa um höfuð andstæðingsins og tuska hann til og frá meðan maður lætur hnéspörkin dynja á honum. Í morgun vaknaði ég með strengi dauðans í hnakkanum og er þetta að drepa mig. Það var mælt með við mig að fara að lyfta lítilli fötu með steypu ofan í með munnum svo ég geti hert hálsvöðvana.“

Fegurðardísinn Lena frá Rússlandi Sýnir strákunum myndirnar sem hún tók af þeim á ströndinni.

Tvíburarnir Helgi og Óli Torfasynir eru staddir á paradísareyjunni Phuket við Taíland þar sem þeir nema hina fornu þjóðaríþrótt Taíendinga, kickboxið muay thai.

Flottir Tvíburarnir með Rússann Demi á milli sín en hann æfir með þeim muay thai.



Í TAÍLANDI

Ferðast um á vespum

„Í fyrstu var maður mikið að skoða sig um og leika sér en núna eru færri strandferðir og fleiri æfingar taka við. Maður heldur áfram að horfa á bicepin umbreytast í hliðarspeglum skellinöðrunnar og týnir svo pöddurnar úr eyrunum eftir rúntinn,“ segir Óli en þeir félagarnir fara allra sinna ferða á vespum sem þeir lærðu á fyrstu dagana.

FRAMHALD Á NÆSTU OPNU

Texti: Brynja Björk Garðarsdóttir DV-mynd: Úr einkasafni



Lena Strákarnir vinguðust við þessa fallegu stúlku frá Rússlandi.



MUAY THAI-TVÍBURAR Í TAÍLANDI

„Um daginn komum við að mótör-hjólaslysi. Á einu hjólinu voru sænsk hjón, líklegast á efri árum, og greinilega vel drukkin bæði. Konan var dálítið skorin, með óráði og blaðraði úti loftið meðan maðurinn sem var meðvitundarlaus var með sár á hnakkanum sem blæddi úr. Á hinu hjólinu var ungur útlenskur maður sem var líka meðvitundarlaus og með mjög bláa og bóligna fætur sem voru líklegast brotnir. Óli sat upp við unga manninn til að halda honum í hliðarlegu og einhver útlendingur lét mig vera hjá sænska manninum til að halda honum í hliðarlegu og sjá til þess að hann andaði. Fyrst komu lögreglumenn á hjólum og svo tveir litlir sjúkrahálar. Þetta var óhugnanlegt og vitum við ekki hvernig þetta fólk hefur það núna en við þökkum guði fyrir að þetta var ekki verra,“ bætir hann við. Þeir bræð-ur eru ekki í fyrsta sinn á eigin vegum á ókunnum slóðum því þeir hafa meðal annars búið í Parauay og Japan sem skiptinemar.


Mikið vökvatap í hitanum

„Muay thai er ekki mjög tæknileg

íþrótt, en rosalega hörð og brútal, þannig að það skiptir miklu máli að vera í góðu formi og hafa gott sársaukaþol. Kennararnir eru allir með einhverja meistararitla og ef maður gerir vitlaust labba þeir í hringi og fussa og sveia en ef maður gerir vel góla þeir einhver hjóð með myndnum tón þannig að maður heyrir á þeim hvernig maður stendur sig. Þeir eru ánægðir með áhugann okkar fyrir þessu og mér finnst ég læra mjög hratt hjá þeim,“ segir Helgi en segir jafnframt að erfitt sé að hreyfa sig í hitanum.

„Maður verður líka svo skorinn af vökvatapinu hérna að ég er farinn að sjá æðar á sjálfum mér sem ég hef aldrei séð áður,“ segir hann og hlær. Þeir bræðurnir eru hæstánægðir í Taílandi og hlakka til að takast á við frekari ævintýri á paradísareyjinni Phuket.

„Fólkið hérna er líka alveg yndislegt og rosalega mikið af útlendingum, þetta er svona ferðamannaparadís og mikið af fólki eyðir eftirlaunaaldrinum hérna en ég ætla heim að sofa núna, þarf að vakna klukkan 7 í klukkutímaskokk,“ segir Helgi og kveður á taílensku.



Helgi við æfingar
Horfir yfir sjóinn
meðan hann hitar upp.

Betra Form



FABRIKAN 2005 Líðing: K. Mark

ÁRANGUR

8 vikna námskeið fyrir konur

Betra form er fyrir konur sem vilja léttast, auka líkamlegt þrek og andlega vellíðan

Þúsundir kvenna hafa náð frábærum árangri á **Betra form**-námskeiðunum.

Vertu með!

Skráðu þig strax í síma 414 4000 eða með tölvupósti á hreyfing@hreyfing.is

Morgunhópar
Kvöldhópar
Framhaldshópar
Barnagæsla

Innifalið:

- Þjálfun 3-5x í viku
- Fræðslu- og kynningarfundur með Ólafi G. Sæmundssyni næringarfræðingi
- Fitumælingar og vigtnun
- Matardagbók
- Vandað fræðsluefni
- **Lögmálin 9 um megrun** - nýútkomin bók sem veitir allar upplýsingar um hvernig þú kemst varanlega í gott form.

Gott aðhald, mikill stuðningur og fræðsla

Hefst 6. mars

HREYFING

Faxafeni 14 414 4000 www.hreyfing.is

Lesið í lófa Sigurjón Brink

Á ÞAÐ TIL AÐ HALDA AFTUR AF SÉR

Elly Ármanns
hjá spamadur.is les í
lófa fræga fólksins.



 SPÁMAÐUR.IS

Margir kunna að skilgreina lófa-
lestur sem skilaboð örlaganna en
við minnum á að hér er einungis
um dægradvöl að ræða. Lófalestur
krefst nákvæmrar skoðunar þar

sem línur og tákn sem koma fram í
hendi hvers og eins þurfa ekki að
koma fram hjá öðrum. Þegar lesið
er úr lófa tengir maður saman upp-
lýsingarnar sem hendurnar veita.

Hönd Sigurjóns segir frá eðliseiginleikum
hans, styrkleikum og veikleikum og ekki síst
erfðafræðilegum þáttum.

1 Það er áberandi í lófa Sigurjóns að líf-
línan (1) og höfuðlínan (2) skerast.

Það sýnir að hann er vandlátur á nán-
ast allt og að geta hans til að gefa er
mjög mikil. Hann væri viss til að taka að
sér sjúklinga eða jafnvel þróa nýtt
bóluefni eða ráðast í að endurskipuleggja
bókasafnið í hverfinu sínu (sérstaklega góður
kostur). Það er enginn vafi á því að maðurinn
er trygglyndur, áreiðanlegur og löghlýðinn.
Og þótt hann gefi ákaflega mikið af sjálfum
sér er dómgreind hans einstaklega góð.
Hann veit hvað borgar sig og hvað er tíma-
sóun.

3 Örlagalínan (3) segir til um lánsemi
eiganda lófans og ef hún (örlagalínan)
liggur frá úlnið eins og í lófa Sigurjóns
er nánast öruggt að hann hugar vel að heils-
unni, mataræðinu og síðast en ekki síst fólk-
inu sem hann elskar.

4 Fingurgómar (4) Sigurjóns sýna
greinilega sól. Sólin segir Sigurjón
ekki veita ást sína hæglega en það er
hluti af greiningareðli hans, ef svo má að
orði komast. Hann gerir miklar kröfur og veit
hvað hann vill eins og fyrr segir. Svo sést líka
á fingurgómum hans að hann er svo óseðj-
andi forvitinn að ekki er óvenjulegt að hann
lesi þrjár bækur í einu.

Sigurjón er eflaust á stöðugri hreyfingu bæði
andlega og líkamlega og leitast örugglega
oftar en ekki við að setja hluti í samhengi og
grafast fyrir um staðreyndir mála hverju sinni.
Ef marka má lófa hans leitast hann stöðugt
við að sjá eitthvað nýtt, bera saman, greina,
taka í sundur og þess háttar.

5 (5) Hjartalínan liggur ekki svo nálægt
fingrunum í lófa Sigurjóns en hún
(hjartalínan) sýnir lífsorku og jákvæðni.
Hann er yfirleitt fullur af lífsorku og dreif-
ir kröftum sínum rétt og með aðstoð hug-
leiðslu eða slökunar og heilsusamlegs
mataræðis getur hann gert kraftaverk með
sinni óhemjulegu orku og góðmennsku.
Þessi hæfileikaríki maður ætti að hætta að
halda aftur af sér því hann á það til að vera
hógværastur allra en svokallað hugsanaferli í
undirmeðvitund hans kann að hefta tilteknar
hugmyndir sem lifna við innan skamms ef
hann leyfir sér að taka skrefið í átt að draum-
um sínum. Ef marka má lófa Sigurjóns er
hann hörkuduglegur og nær því sem hann
einsetur sér.



Fingurgómar

Höfuðlína

Líflína

Hjartalína

Örlagalína

4

1

3

2

5

Hjörtur Geirsson vinnur í líkamsræktarstöð og sigrar í lagasmíðakeppnum

ALVÖRU FÓLK



Var í dúettnum Valíum „Við spiluðum mikið á Ara í Ögri og vorum fastráðnir þar um tíma. Svo spilaði ég mikið með Einarí Jónssyni sem var í hljómsveitinni Drýsli.“



Vinnur í líkamsræktarstöð Hjörtur keppti mikið í kraftlyftingum á árum áður.



Hjörtur Geirsson Vann lagasmíðakeppni í Nashville og gefur út disk.

SEMUR LÖG UM ÁSTI



Yrkisefnin ýmis „Pannig að maður semur um hvað sem er og leitar að hverju sem er.“

Þetta eru lög sem ég samdi og sum þeirra sendi ég í lagasmíðakeppni og fékk verðlaun fyrir. Önnur eru endurgerð af diskum sem ég gaf út árið 1991,“ segir tónlistarmaðurinn Hjörtur Geirsson sem var að gefa út diskinn *Seraching for a hit*. Hjörtur er 48 ára Reykvíkingur, býr í Stórholti og vinnur í líkamsræktarstöð. „Ég var mikið í kraftlyftingum en vinn núna bara við daglegan rekstur, sölumennsku og ýmislegt. Þetta er lítil stöð sem heitir Orkulind og er aðallega ætluð fyrir keppnismenn í kraftlyftingum,“ segir Hjörtur en öll löggin á disknum eru tekin upp í stúdíói Paramount í Nashville í Tennessee.


hver lög í lagasmíðakeppni og vona að eitthvað komi út úr því,“ segir Hjörtur sem er nýgenginn í lagasmíðafélagið í Nashville. „Það er ýmislegt að gerast í gegnum það og maður stefnir á þetta, maður verður að elta draumana sína.“

Hjörtur er mikill áhugamaður um tónlist og mest af hans tíma fer í tónlistina. „Ég geri mikið af því að æfa mig á hljóðfæri og geri það minnst klukkutíma á dag. Svo á ég stórt og mikið plötusafn sem ég grúska mikið í,“ segir Hjörtur sem spilar á gítar og bassa og semur flestin löggin á þau hljóðfæri.

Hjörtur semur öll löggin sem flutt eru af hljómlistarmönnum í Bandaríkjunum. „Ég á helling af upptökum með sjálfum mér og stefni á að koma með annan disk með upptökum með mér alveg frá árinu 1983. Svo hef ég sent ein-

Flest löggin á diskum Hjartar eru róleg kassagítarlög sem fjalla um ástina. Leitar Hjörtur mikið í ástina í tónlistinni? „Nei, ekkert endilega. Það er til dæmis eitt lag um frelsi og svo annað um jólasveininn. Pannig að maður semur um hvað sem er og leitar að hverju sem er.“

Texti: Breki Logason H&N-mynd: Vilhelm



Paramount Hjörtur tók upp diskinn „*Seraching for a hit*“ í stúdíói Paramount í Nashville.



Reykvíkingur Hjörtur er 48 ára og býr í Stórholtinu.



NA OG JÓLASVEININN



1 Tanna- gnístur

„Ég gnísti tönnum eins og enginn sé morgundagurinn og ég er sérstaklega slæmur þegar ég er drukkinn. Svo er maður hissa á að vera einhleypur!“

2 Ekki harður nagli

„Ég er ekki þessi svakalega harði nagli sem fólk heldur að ég sé, allavega vona ég að fólk haldi það. Ég get ekki sofið í 2 sóla-hringa áður en ég á að fara til tannlæknis, ég er einfaldlega alltof hræddur, svo ekki sé minnst á að einu skiptin sem ég fer með faðirvorið er þegar ég sit í flugvél.“

3 Elskar batt- erísfigúrur

„Það er fátt sem kætir mig jafnmikið og figúrur sem ganga fyrir batteríum sem dansa og tala. T.d. fiskurinn minn Big mouth billy bash sem er uppi á vegg allan ársins hring syngjandi jólaöld eins og hann eigi lífið að leysa.“

4 Honey, I'm home

„Ég keypti mér gullfisk um daginn til þess að geta sagt: Honey, I'm home! Þegar ég kæmi heim úr vinnunni. Seinna kom í ljós að þetta er besta gæludýr sem ég hef átt. Hann heitir Toni og er hann nefndur í höfuðið á Tona sem er sonurinn í Yrsufells-mæðginaduóinu umtalaða.“

5 Gamblerinn

„Ég heiti Gambler í þó nokkrum símaskrárum þar sem ég horfi ekki á fótbolta án þess að ég veðji á leikinn en ég er samt að reyna að breyta því. Ég hef einnig einstakt dálæti á að bjóða fólki heim til að spila póker.“

10

hlutir sem þú vissir ekki um mig...

Útvarpsmaðurinn **Andri Freyr Viðarsson** segir frá gullfisknum, tannlækna-hræðslu og DVD-árattu.

LANGAR AÐ SKRIFA BARNABÓK UM PALLA Í MAUS

6 Skrýtnir vinir

„Ég og Helgi Seljan vinur minn tölum ein-kennilega saman og fólk skilur ekkert hvað við erum að segja. Einstaklega heimskulegur talmáti sem byggist á þversögn-um. Mjög heimskulegt en þetta hefur fylgt okkur frá barnæsku og við getum ekki hrist þetta af okkur þó að okkur dauðlangi til.“



7 Barnabók um Palla í Maus

„Ég á mér þann draum að gera barnabók fyrir næstu jól sem er byggð á sögum um Palla í Maus sem einnig er í Fræ. Ég á nóg af hetjusögum af kappanum og Björn Toast, vinur minn, er nú þegar byrjaður að teikna.“

8 Brósi græn- metisæta

„Bróðir minn hefur verið grænmetisæta í mörg ár. Ég skil andskotann ekkert í honum.“

Hart rokk eftir fylliri

„Þegar ég kem einn drukkinn heim til mín set ég annaðhvort dauðarokk, black metal eða gallhart gangster-rapp af gamla skólanum á fóninn og hækka allt í botn.“

10 DVD- sjúklingur

„Ég er DVD-sjúklingur, DVD á hug minn allan þessa dagana. Til að gefa fólki innsýn í þessa fíkn mína þá leigði ég t.d. 4 myndir á laugardagskvöldið en keypti mér síðan 13 myndir daginn eftir.“

ÚTVARPIÐ ÞITT
ÞOLIR EKKI
EINTÓMAN
VIÐBJÓÐ

X

97.7





HVAÐ VEISTU UM SILVÍU NÓTT?

1. HVAD HEITIR STÚLKAN SEM LEIKUR SILVÍU NÓTT?

- Þórunn Elísabet Bogadóttir
- Eva Ágústa Ágústsdóttir
- Ágústa Elva Erlendsdóttir
- Ágústa Eva Erlendsdóttir

2. DANSARAR SILVÍU HEITA HOMMI OG NAMMI EN HVADAN ERU PEIR?

- Brasilíu
- Marokkó
- Argentínu
- Tyrklandi

3. HVER AF EFTIRFARANDI SÖNG EKKI BAKRADDIR HJÁ SILVÍU Í EUROVISION?

- Pétur Örn Guðmundsson
- Eyjólfur Kristjánsson
- Sigríður Beinteinsdóttir
- Gísli Magnason

4. HVER SAMDI LAGIÐ TIL HAMINGJU ÍSLAND?

- Þorvaldur Sævar Gunnarsson
- Þorvaldur Bjarni Bjarnason
- Þorvaldur Makan
- Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson

5. SÚ SEM LEIKUR SILVÍU NÓTT SÖNG EITT SINN Í HLJÓMSVEIT. HVADA HLJÓMSVEIT VAR ÞAÐ?

- Tennessee Trans
- Lhooq
- Ske
- Parkódín

6. VIÐ HVERN AF EFTIRTÖLDUM HEFUR SILVÍA NÓTT EKKI TEKID VIÐTAL?

- Guðjón Bergmann
- Vidda í Trabant
- Steinunni í Nylon
- Árna Elliot

7. HVERJIR LEIKA HOMMA OG NAMMA?

- Björn Thors og Rúnar Freyr
- Björn Blöndal og Atli Rafn
- Rúnar Freyr og Óttar Proppé
- Jenni í Brainpolice og Sölvi Blöndal

8. HVAD HEITIR MAÐURINN Á BAK VIÐ SILVÍU NÓTT?

- Gaukur á Stöng
- Magnús Rögnvaldsson
- Gaukur Úlfarsson
- Logi Úlfarsson

Rétt svör

1. D. 2. C. 3. B. 4. D. 5. C. 6. D. 7. A. 8. C

Skopmynd vikunnar

„ÉG ER MIKLU BETRI
EN ÞÚ, MISS HAS BEEN,
SKILURU“

„HÆTTIÐI ÞESSU
STELPUR MÍNAR,
ÚRSLITIN ERU AÐ
KOMA“


„III, ÞAÐ VAR BÚIN
TIL DÚKKA MEÐ MÉR
EN EKKI ÞÉR“

H&N-mynd Porvaldur

Á MEÐAN ÞJÓÐIN KÝS...

HÉR & NÚ KROSSGÁTAN

NR.22



LÁRÉTT

- 1 FLANA (3)
- 4 LOKA (3)
- 8 STÓRT HERBERGI (3)
- 10 TVEIR EINS (2)
- 11 VEIKI (5)
- 13 ÁÆTLUN (4)
- 15 EKKI LÖNG (5)
- 16 HLUTAFÉLAG (2)
- 18 STERK LÖNGUN (3)
- 19 AÐ BAKI (5)
- 21 MJÖG (4)
- 23 ÞÓ AÐ (4)
- 25 HEIMAGERT ÁFENGI (5)

- 27 VAFA (3)
- 28 SETJA Í SÝRU (5)
- 30 LÁGVÆR NIÐUR (3)
- 31 FRAMTAKSLAUS (3)
- 32 EINKARÉTT (7)
- 34 SÁRKALDUR (5)
- 36 VÖRUBRYGÐIR (5)
- 38 FÉLAG (5)
- 40 HLJÓÐ Í KETTI (5)
- 43 LÉST (5)
- 45 BLUNDUR (3)
- 46 FLÍK (5)
- 48 NAG (3)
- 50 SKJÓL (3)

LÓÐRÉTT


- 1 HEIMSÁLFA (4)
- 2 LJÓMA (5)
- 3 SKYLDIR (2)
- 5 IÐNI (8)
- 6 ÞÓ (4)
- 7 HALLM/ELA (5)

- 9 MÁLA (4)
- 12 STOPP (5)
- 13 ÓBUNDIÐ, LAUST MÁL (5)
- 14 MESSING (5)
- 17 ÓMEREKILEGT (4)
- 18 TVEIR EINS (2)
- 20 FLUGFAR (5)
- 22 FYLGSI (5)
- 24 BOTNVARPA (5)
- 26 YFIRSTÉTTAR (5)
- 29 RÍFAST (8)
- 32 VESALDÓMUR (4)
- 33 GOGGS (4)
- 35 OT (3)

- 37 BLÓM (3)
- 39 KVÖLD (6)
- 41 JÁKVÆTT SVAR (2)
- 42 TÍMAEINING (2)
- 44 FLJÓTFÆRNI (3)
- 47 GEFA FRÁ SÉR REIÐIHLJÓÐ (4)
- 48 ÖKUTÆKI (4)
- 49 STUNDA (4)
- 50 VITUR (3)
- 52 TVEIR EINS (2)
- 53 RANGL (3)
- 55 SEM (2)
- 56 ÍPRÓTTAFÉLAG (2)

hér&nú

STÚLKAN
Líney Inga
Arnórsdóttir
20 ára



Hér & nú-stúlkan að þessu sinni er hin tvítuga Líney Inga Arnórsdóttir. Líney er á öðru ári í sálfræði við Háskóla Íslands og segist alltaf hafa haft mikinn áhuga á því fagi. „Mér finnst skemmtilegast að fara á bari eins og Dillon og Ellefuna en vinir mínir vilja helst fara á Hverfisbarinn,“ segir Líney og hlær. Líney talar bæði ensku og frönsku því hún bjó með foreldrum sínum bæði í Bandaríkjunum og Belgíu.

H&N-mynd Stílisti:
Elisabet Thorlacius



TILBOÐ 1

Matsaman

Thailenskur kjötrettur með kjúklingakjöt og grænmeti. Steikt matsaman karry og salthnetusósa.

Kinverksar núðlar að hætti Mekong
Egganúðlar með kjúklingi og grænmeti.

Paneng

Thailenskur kjötrettur með nauokjöt og grænmeti. Steikt í panengkarry og kókomassa.

Djúpsteiktur rækjur
með súrsætri sósu.

Verð á mann kr. 1.245.-
Fyrir tvo kr. 2.490.-

Hafþilegur skammtur af hrisgrjónum og Góu Hraun fylgir.

TILBOÐ 2

Geng Sheo Van

Thailenskur kjötrettur með grisakjöt. Steikt í grænu karry (sterkt)

Kao Pad Ped

Sterk chili krydduð hrisgrjóni með svínakjöt eða kjúkling og grænmeti.

Tom Ka

Thailenskur kjúklingarettur með grænmeti og kókas. (sterkt)

Pas Siú

Hrisnúðlar með grænmeti.

Verð á mann kr. 1.245.-
Fyrir tvo kr. 2.490.-

Hafþilegur skammtur af hrisgrjónum og Góu Hraun fylgir.

FYRIR BÖRNIÐ

Hamborgari
með frónskum, sósu og gosi.

Verð kr. 550.-

**FRÍ HEIMSENDING EF PANTAÐ ER
FYRIR MEIRA EN KR. 2000,-**

Tilboð eru eingöngu afgreidd fyrir tvo eða fleiri.



FÁÐU MATINN HEIM AÐ DYRUM

564 6111



MEKONG

thailensk matstafa



Brynja Björk skrifar um Eurovision

LITLA ÞJÓÐIN HENNAR SILVÍU

Man einhver eftir því þegar þættirnir Sjáumst með Silvíu Nótt voru frumsýndir á Skjá einum? Það var með afbrigðum áhugavert að fylgjast með kvenfólkinu á landinu tapa sér í umræðum um drottninguna, allir höfðu sína skoðun og voru flestir á þeim buxunum að Silvía væri glötuð, ömurleg og leiðinleg í alla staði. Gekkt fólk svo langt að senda leikkonunni Ágústu Evu sem túlk-ar Silvíu hatursbréf í tölvupósti og annað í þeim dúr.

En við Íslendingar erum svo sérstök þjóð. Þegar einhverjum gengur vel og nær einhverju ákveðnu takmarki virðist magnast upp múgæsingur í því formi að við viljum endilega styðja við bakið á þeim sem vel gengur.

Pannig að allir þeir sem áður hraunuðu yfir Silvíu eru nú að tapa sér í gleðinni yfir Eurovision og mála stjórnur í andlitið á sér og garga „skiluru“ í öðru hverju orði. Svona erum við einfaldlega gerð.

En auðvitað verður gaman að fylgjast með drottningunni taka Evrópu með trompi og sérstaklega hlakka ég til að sjá hvernig fjölmiðlar ytra bregðast við dyntum hennar og litríki framkomu. Þetta verður áhugavert, það eitt er víst.





Nýtt barnaherbergi

Fáðu góðar hugmyndir og sjáðu glæsilegar útfærslur í nýja bækingnum okkar "Hugmyndir og góð ráð fyrir barnaherbergið". Bæklingin færðu í næstu verslun Flugger lita

Flugger litir

Stórhöfða 44
110 Reykjavík
Sími 567 4400

Skeifan 4
Snorrabraut 56
Bæjarlind 6
Dalshraun 13
Hafnargata 90

Austursíða 2
Austurvegur 69
Hlíðarvegur 2-4
Sólbakka 8



„Barnaniðingur er einhver sem káfar á börnum og notfærir sér sakleysi þeirra“

Þögnin er

VERSTI ÓVINURINN

Öll börn eiga rétt á að geta greint á milli þess hvað má og má ekki gera við líkama þeirra.

Talaðu við barnið þitt og upplýstu það um staðreyndirnar – **því fyrr því betra.**

Barn sem þekkir muninn á réttu og röngu er betur í stakk búið til að neita, segja frá og komast óskaddað frá óeðlilegum kringumstæðum sem það vill ekki taka þátt í.

Rjúfðu þögnina og fræddu barnið þitt – það er á þína ábyrgð

Hvernig tölum við um þetta við börnin? Fáðu leiðbeiningar á www.blattafram.is. Ef velferð barns er í húfi hringdu í **112**

„Ég vil ekki að einhver strjúki mér
og verði góður við þikuna mína“

HUMMER - LÍMMEÐJÓNUSTAN
897 8938




THE BODY SHOP.
Kringlunni • Smáralind • Akureyri



BLITT ÁFRAM!

FULLT HÚS - TAKK FYRIR!

10 af 10 vinsælustu, allir í Sjónvarpinu



*Hæsta mæling í vikunni

Samkvæmt könnun Gallup í janúar 2006



SJÓNVARPIÐ

Mest notaði fjölmiðill landsins